




SKOÐUN Forsætisráðherra sáldrar silfrinu, skrifar Guðmundur Andri Thorsson. **13**



MENNING Útidúr sendir frá sér nýtt lag og er á leið í túr um Þýskaland. **22**



LÍFID Árlegt körfubolta-mót Priknsins fór fram um helgina. **24**



SPORT Kristján Þór Einarsson sendi landsliðsþjálfaranum skýr skilaboð. **26**

Opið allan sólarhringinn
í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

Iceland

FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur
30. júní 2014
151. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

FRÉTTIR



Grjótkrabbí nemur land

Ný krabbategund sem fannst fyrst hér við land árið 2006 hefur numið búsvæði meðfram ströndinni allt norður til Skagafjarðar. **2**

Hassið horfið Hrunið varð til þess að nánast ekkert hass er lengur að finna á Íslandi og fíkniefnanotendur kaupa frekar heimaræktuð efni. **4**

Hætta leit Björgunarsveitir hafa hætt leit að Ástu Stefánsdóttur í Bleiksárgljúfri. **4**

Sakar Landsnet um lygar Fráfarandi formaður Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar fer hörðum orðum um fullyrðingar forstjóra Landsnets. **8**

Stærsti dómstóllinn geymir ekki gögn

Allir héraðsdómstólar nema Héraðsdómur Reykjavíkur geyma framlögð rannsóknargögn er snerta húsleit eða hleranir. Dómstjórinn vísar í hefð og vafa.

DÓMSTÓLAR Ingimundur Einarsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, segir óheppilegt að dómstólar landsins hafi ekki sömu vinnureglu við geymslu rannsóknargagna í málum er snerta húsleit eða hleranir.

„Þetta hefur alla tíð verið gert með þessum hætti,“ segir Ingimundur aðspurður af hverju dómstóllinn varðveitti þessi gögn ekki. Að hans mati er á þessu stigi ekki verið að höfða mál og því líti dómstóllinn til 103. greinar sakamállaga en ekki þeirrar 15. líkt og aðrir héraðsdómara á landinu.

Búið er að kæra Ingvaldi Einarsson, héraðsdómara við Héraðs-

dóm Reykjavíkur, meðal annars vegna þess að málskjöl og fylgigögn við úrskurð um húsleitarmild hjá Samherja 2012 finnast ekki hjá dómstólum.


Fyrirnefnd 15. grein sakamállaga er snýst um geymslu á gögnum: „Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.“ 103. grein sakamállaga, sem Ingimundur dómstjóri vísar til, fjallar um framgang rannsóknarmála fyrir dómi og þar kemur ekkert fram um varðveislu gagna hjá dómstólum.

Sigurður Líndal lagaprófessor

Þetta hefur alla tíð verið gert með þessum hætti.

Ingimundur Einarsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur

segir lagabókstafinn nokkuð skýran um geymslu rannsóknargagna. Lögin kveði á um að gögnin skuli geymd og svo send Þjóðskjalasafni. Skúli Magnússon, formaður Dómarafélagsins, segir hins vegar mikinn mun á því hvort rannsóknargögn séu „lögð fram“ eða hvort þau „liggi frammi“ svo dómari geti glöggvað sig á þeim. -sa, bj / sjá síðu 10



DUGLEGR „Við förum varla út úr húsi,“ segir Haukur Heiðar Hauksson í Diktu.

Próa nýju lögin í Þýskalandi: Dikta tekur upp nýja plötu

FÓLK Hljómsveitin Dikta er um þessar mundir stödd í Þýskalandi þar sem sveitin hljóðritar nýja tónlist. „Við förum varla út úr húsi nema þá bara til þess að fara í súpermarkaðinn og þess háttar,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari, gítar- og píanóleikari Diktu.

Sveitin er í hljóðveri ásamt upptökstjóranum Sky van Hoff. „Við erum mikið að vinna lögin hérna, þróum þau og pródúserum í samvinnu við Sky,“ segir Haukur. „Við vitum ekki hvað við komumst langt með þetta þannig að útgáfutíminn er í lausu lofti. Við ætlum bara að einbeita okkur að því að búa til plötu og svo kemur hún bara út þegar hún er tilbúin.“ -glp / sjá síðu 30

SHALDÖR
12

Bolungarvík	9°	SA	6
Akureyri	15°	S	7
Egilsstaðir	16°	S	4
Kirkjubæjarkl.	11°	SA	6
Reykjavík	13°	SA	8

Hvessir af suðri í dag og fer að rigna. Nokkuð bjart A-til í fyrstu en dregur svo fyrir. Víða strekkingur. Hiti að 20 stigum NA-til en svalara V-lands. **4**

3 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Bílrúður | Fólk



ÁFRAM APPELSÍNUGULIR! Eva frá Hollandi og Guðrún frá Íslandi hvetja sína menn áfram á Ingólfstorgi í gær. Fjöldi manns mætti í miðbæinn til að fylgjast með dramatískum sigri Hollendinga á Mexíkómönnum á heimsmeistaramótinu í knattspyrnu á risaskjá símafyrirtækisins Nova. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Verður innilegur og myndinn á tónleikum í Eldborgarsal Hörpu í ágúst: Bryan Adams kemur til Íslands

FÓLK „Hann er mikið að tala við áhorfendur á milli laga, hann segir sögur af lögunum og svoleiðis. Ég hef heyrt að þegar hann er í stuði þá kalli hann jafnvel eftir óskalgögum úr sal,“ segir tónleikahaldarinn Guðbjartur Finnbjörnsson, sem stendur fyrir tónleikum kanadíska tónlistarmannsins Bryans Adams í ágúst.

Adams heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu þann 9. ágúst næstkomandi. Hann kom til Íslands og hélt tónleika í desember 1991. Þá þurfti að fresta tónleikumum vegna rafmagnsleysis, en ólíklegt er að slíkt plagi tónlistarmanninn vinsæla nú.

Adams er einn vinsælasti tónlistarmaður sögunnar og hefur selt yfir 100 milljónir plötna. Hann hefur undanfarin ár farið í tónleikaferðir af og til einn með gítar ásamt píanóleikara á svokölluðum Bare Bones-túr. „Bare Bones-hljómleikarnir hafa fengið gríðarlega góða dóma, röddin er alveg frábær og Bryan Adams innilegur, myndinn og skemmtilegur á sviðinu,“ segir Guðbjartur.

- glp / sjá síðu 30

Á LEIÐ TIL ÍSLANDS Bryan Adams hélt tónleika í Laugardalshöll í desember 1991 og kemur nú aftur og heldur tónleika í Hörpu í ágúst.



RJÓMINN AF SÝRÐA RJÓMANUM

NÝTT

GOTT Í MATINN
GOTTIMATINN.IS

Magnolia Officinalis
Betri svefn, betri líðan

Öll betri apótek, Hagkaup, Fjarðarkaup, Heimkaup, Lifandi Markaður, Heilsuhúsið og Heilsuhorníð Blómavali

SPURNING DAGSINS



Varstu þá búin að syngja falskan tón allt þitt líf?

Nei, nei, en hinir tónarnir voru bara plat.

Salka Sól Eyfeld er ung og upprennandi söngkona. Hún er meðlimur Reykjavíkurdætra og söngkona reggihljómsveitarinnar Amaba Dama en hún segist hafa fundið sinn sanna tón í reggítónlistinni.

Náttúran.is hefur safnað saman nær öllum merkingum á matvælum á Íslandi:

Gagnagrunnur fyrir neytendur

NEYTENDUR Nýtt smáforrit fyrir snjallsíma sem Náttúran.is setti nýverið í loftið hefur að geyma upplýsingar um rúmlega hundrað merkingar sem finna má á matvælum á Íslandi.


„Við erum búin að safna upplýsingum í mörg ár og þetta er afkrastur þess,“ segir Guðrún Arn-dís Tryggvadóttir, framkvæmdastjóri Náttúran.is. „Þetta eru þær merkingar sem hægt er að finna á Íslandi og spannar í raun bæði umhverfisstærð, lífræna vottun

og verkefnumerki, matarklasa og fleira.“ Guðrún segir að hugmyndin sé sú að neytendur geti fengið upplýsingar um þýðingu þeirra merkinga sem finna má á matvöru á meðan verslað er. Áður en Náttúran.is réðst í gerð gagnagrunnsins skorti íslenska þýðingu á flestum þeim merkingum sem finna mátti í íslenskum verslunum.

Smáforritið ber heitir Húsið og er gjaldfrjálst fyrir Android- og iOS-stýrikerfi. „Þetta kostar ekki neitt. Það ætti auðvitað að vera á höndum opinberra aðila að fræða fólk en það er ekki gert,“ segir Guðrún.

- ssb

HÚSIÐ Merki snjallforritsins sem hefur að geyma upplýsingar um yfir 100 matvöruamerkingar.



Óvenjuleiðinleg veðurspá: Vindasöm vika fram undan

VEÐUR „Vikan öll verður sérlega vinda- og úrkumusöm,“ segir Teitur Arason hjá Veðurstofu Íslands. „Þetta er svona óvenju leiðinlegt miðað við júlí.“

Veðurstofa gerir ráð fyrir óvenju óflugri lægð miðað við árstíma á þriðjudag, sem fer yfir landið á miðvikudag.

Samkvæmt spá mun fyrripart viku vera sterk sunnanátt en gert er ráð fyrir að lægðin fari til austurs og norðanátt taki yfir með rigningu fyrir norðan. - b



Á SLYSSTAÐ Í vélinni voru flugmenn og nemi í kennslustund. Hvorugur slasaðist alvarlega. FRÉTTABLAÐIÐ/PP

Kennsluflugvél missti afl og nauðlenti á golfvelli í Vogum:

Flugvélin á hvolfi á golfvelli

SLYS Flugvél nauðlenti á golfvelli í Vogum á Vatnsleysuströnd um fimmleytið í gær og endaði á hvolfi. Tveir voru um borð og slösuðust ekki alvarlega.

Talið er að flugvélin, sem er kennsluflugvél frá flugskóla Keilis, hafi misst afl og flugmenn neyðst til að reyna að lenda við golfvöllinn.

Þeir sem voru um borð í flugvélinni þegar hún brotlenti komust sjálfir úr vélinni. Þeir fengu áfallahjálp á slysstað en voru síðar fluttir með þyrlu Landhelgisgæslunnar á slysadeild Landspítala. - kak

Alþjóðleg ráðstefna í Hörpu:

Plastdrasl í hafi veldur skaða

UMHVERFISMÁL Alþjóðleg ráðstefna um plastúrgang í hafi verður haldin á vegum Umhverfisstofnunar þann 24. september næstkomandi.

Markmið ráðstefnunnar er að leggja til aðgerðir sem draga eiga úr plastúrgangi í hafinu. Mikill kostnaður getur fallið á útgerðarfyrirtæki vegna plasts sem flækist í veiðarfæri og skráfur skipa. Auk þess eru dæmi um að sjávardýr og fuglar gleypi plasti.

Ráðstefnan er styrkt af Norrænu ráðherranefndinni. - ssb

Boko Haram enn öfgafyllri:

Réðust á fjögur þorp í Nígeríu

NÍGERÍA Fjögur þorp í austurhluta Nígeríu hafa orðið fyrir árásum hóps sem talinn er tengjast Boko Haram, herskáum samtökum íslamista.

Óstaðfestar fréttir herma að fjórutíu almennir borgarar hafi fallið í árásum og að minnsta kosti sex uppreisnarmenn. Það er vefur BBC sem greinir frá þessu.

Þorpin fjögur eru nálægt borginni þar sem 200 skólastúlkur voru numdar á brott í apríl. Neyðarástand ríkir í landinu vegna ítrekaðra árása hópsins. - ssb

Grjótkrabbí leggur undir sig ströndina

Ný krabbategund sem fyrst fannst hér árið 2006 í Hvalfirði hefur nú numið búsvæði meðfram ströndinni allt norður til Skagafjarðar. Enn er of snemmt að hefja hagkvæmar veiðar, segir fræðimaður. Krabbinn er kominn í veitingahús.

DÝRALÍF Grjótkrabbí, sem fyrst varð vart hér við land árið 2006, hefur nú dreift sér við strendur landsins og virðist hann hafa tekið sér bólfestu við vesturströnd landsins og við Vestfirði að sögn Halldórs Pálmaris Halldórssonar, forstöðumanns Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Suðurnesjum.




HALLDÓR PÁLMAR HALLDÓRSSON

Einnig hefur hann frétt af einum sem barst á land í Skagafirði en hann á eftir að fá það staðfest að um grjótkrabbá sé að ræða. Jónas Jónasson hjá Hafrannsóknastofnun á Ísafirði sagði hins vegar að um grjótkrabbá væri að ræða. Útbreiðslan er því nokkuð ör því hann fannst í Breiðafirði einungis tveimur árum eftir að hann fannst fyrst í Hvalfirðinum. Í fyrra varð hans síðan vart á Vestfirðum.

Óvist er hver áhrif hans geta orðið í fæðukerfinu en krabbinn étur allt sem á kjafli kemur. Enginn skortur virðist þjaka hann hvað það varðar, sist af öllu í Hvalfirði þar sem hann nær venjulega stærð á við stærstu grjótkrabbá í sínum náttúrulegu heimkynnum við austurströnd Norður-Ameríku og ber því um 15 sentímetra breiðan skjöld. Þrátt fyrir nafnið heldur krabbinn sig á mjúkum botni og þurfa menn ekki að vera reyndir sjómenn til að veiða hann en krakkar á leikja-

→ Útbreiðsla grjótkrabbá við Íslandsstrendur



námskeiði á Ísafirði fengu einn í gildru sína í fyrradag.

Grjótkrabbí er herra-mannsmatur en Halldór segir eflaust nokkur ár í það enn að hægt verði að stunda hagkvæmar veiðar. „Það er margt sem kemur inn í þá mynd sem enn er ósvarað,“ segir hann. Krabbinn er þó nú þegar kominn á matseðilinn hjá veitingahúsum Vitanum í Sandgerði og Kopar við Reykjavíkurböfn. Ásta Guðrún Óskarsdóttir, framkvæmdastjóri Kopars, segir krabbann mjög vinsælan en þar er hann til dæmis hanteraður í kökuform.

jse@frettabladid.is
svavar@frettabladid.is



→ Grjótkrabbinn er herra-mannsmatur og er þegar kominn á matseðilinn á nokkrum veitingahúsum.

Mikil óvissa er uppi um lögmæti þeirrar ákvörðunar að flytja Fiskistofu:

Telur ákvörðunina ólögmæta

STJÓRN MÁL „Mín skoðun er sú að ráðherra hafi ekki haft lagastöð fyrir ákvörðuninni sem hann tók um flutning á Fiskistofu,“ segir Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður.

Fyrirhugaður flutningur á höfuðstöðvum Fiskistofu til Akureyrar hefur verið harðlega gagnrýndur af starfsmönnum Fiskistofu í Reykjavík. Þá hefur formaður SFR, Árni Stefán Jónsson, lýst því yfir að stéttarfélagið muni láta kanna hvort flutningurinn sé lögmætur.

„Ráðherra þarf að útskýra á grundvelli hvaða lagaheimildar hann er að taka þessa ákvörðun. Það er alltaf betra að skoða það í kjólinn hvort menn hafi heimildir til að gera það sem þeir ætla að gera þegar menn fara með opinbert vald,“ segir Ragnar.

Hann telur dóminn sem féll ríkinu í óhag þegar Landmælingar Íslands voru fluttar hafa fordæmisgildi í málinu. „Ef ráðherra ætla að halda sig við þetta og menn vilja ekki sætta sig við ákvörðunina þá verður einhver að fara fyrir dóm.“

Áð sögn Ragnars hlutuðust stéttarfélagin sem átta starfsmenn hjá Landmælingum Íslands til um málið á þann veg að einn starfsmaður fór í mál við ríkið til að reyna á lögmæti ákvörðunarinnar. Þegar dómur féll svo var lögum breytt til að flutningur Landmælinga yrði löglegur. „Ef menn ætla að halda sig við þetta þá þarf Alþingi að taka afstöðu til þess hvort þetta er í lagi eða ekki,“ segir Ragnar.

Áætlað er að höfuðstöðvar Fiskistofu verði endanlega fluttar innan átján mánaða. - ssb




FLUTNINGUR Ragnar H. Hall hæstaréttarlögmaður segir stjórnvöld ekki hafa heimild til að færa Fiskistofu til Akureyrar. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

JEPPADEKK

Koma þér örugglega hvert á land sem er.

Kletthálsi 3 | 110 Reykjavík | 540 4900
www.arctictrucks.is

ARCTIC TRUCKS



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 12 mán.
fylgir.

iPhone 5s 16GB
109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

iPhone 5c 16GB
89.990 kr. stgr.
5.490 kr. /18 mán.

INNEIGN Á SUMARIÐ HJÁ NOVA!

Ókeypis
heimsending
um allt land!
Þegar þú kaupir
á nova.is



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

Samsung Galaxy S5
119.990 kr. stgr.
7.290 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.


Samsung Galaxy S4
79.990 kr. stgr.
4.890 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 6 mán.
fylgir.

LG G3
109.990 kr. stgr.
6.690 kr. /18 mán.



4G
LTE

1.000 kr.
notkun eða
500 MB á mán.
í 3 mán.
fylgir.

LG G2
79.990 kr. stgr.
4.890 kr. /18 mán.

Stærsti
skemmtistaður
í heimi!

NOVA

Verslanir Nova eru í Kringslunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkortu + 325 kr./mán. greiðslugjald. Nánari upplýsingar á nova.is.

SVONA ERUM VIÐ



21% er fækkun innbrota á landinu öllu milli ára 2012 og 2013.

Innbrot í fyrra voru 1.092 talsins og hafa ekki verið færri frá því að samræmd skráning hófst.

Björgunarsveitarfólk og lögregla lögðu allt kapp á að finna Ástu Stefánsdóttur en án árangurs: Árangurslausri leit í Bleiksárgljúfri lokið

BJÖRGUN Formlegri leit að Ástu Stefánsdóttur, sem hvarf í Bleiksárgljúfri um hvítasunnuhelgina, er lokið. Björgunarsveitir hafa pakkad búnaði sínum saman og munu að öllum líkindum ekki koma aftur að leitinni.

Fossinum sem rennur um gljúfrið var veitt um stökk á laugardag og við það fundust göng í fossinum sem ekki er vitað hve djúpur eru eða hvar enda. „Svo virðist sem það sem fari niður fossinn fari niður göngin. Það fóru niður

tveir sandpokar um síðustu helgi og það hefur ekkert sést af þeim.“ segir Svanur Sævar Lárússon, sem stjórnað hefur leitaraðgerðum í Bleiksárgljúfri.

Hann segist aldrei hafa séð göng sem svipar til þeirra sem eru í fossinum. „Það er ótrúlegt hvernig náttúran getur skapað hlutina.“ Björgunarsveitarmaður sem seig niður að göngunum segist að minnsta kosti hafa séð tíu metra niður göngin. Hann sá þó ekki fyrir endann á þeim og varð ekki

var við neitt fast í þeim. „Þetta vatn hlýtur að koma einhvers staðar í gegn, þó við sjáum ekki í endann á þeim.“ segir Svanur.

„Þetta eru göng sem við myndum aldrei senda neinn í, þetta er það hættulegt.“ Hann segir að fossinn sé ekki þess eðlis að nokkrum myndi detta í hug að hoppa niður.

Svanur segir að erfitt sé að hætta leit og hugur björgunarsveitarmanna sé hjá fjölskyldu Ástu.



AD STÖRFUM Í GLJÚFRINU Aðstæður voru mjög hættulegar björgunarsveitarfólki. MYND/GUÐBRANDUR ÖRN ARNARSON



GJALDTAKA VIÐ GEYSI Ríkið fór fram á lögðann við innheimtu gjalds á ferðamannastaðnum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Segir lögðann ósanngjarnt: Ríkið mismuni landeigendum

DÓMSMÁL Garðar Eiríksson, talsmaður landeigendafélags Geysis, segir það ósanngjarnt að lagt sé lögðann á gjaldtöku félagsins, á meðan aðrir landeigendur séu látnir óáreittir. Héraðsdómur Suðurlands féllst í apríl á lögðannskröfu íslenska ríkisins á innheimtu gjalds af ferðamönnum við Geysi.

„Er eignarréttur okkar eitt-hvað minna virði heldur en annarra?“ spyr Garðar. „Ég tel að núna hafi átt sér stað mismun.“

Hann segir með engu móti hægt að spá hverjar lyktir málsins verða og að hann hafi áhyggjur af næsta sumri.

Hassið horfið eftir hrun

Hrunið varð til þess að nánast ekkert hass er lengur að finna á íslenskum fíkniefnamarkaði. Dæmi eru um að fólk rækta kannabisplöntur til einkanota. Neytendur eru ánægðir með viðhorfsbreytingu gagnvart neyslunni.

FÍKNIEFNAMÁL Gríðarlegur samdráttur hefur verið í haldlögðu magni af hassi frá hruni. Á sama tíma hefur lögregla lagt hald á töluvert meira af grasi og kannabisplöntum.



FRÍÐRIK SMÁRI BJÖRGVINSSON

Skýringuna er ekki að finna í því að lögreglu gangi verr að finna hassið heldur hefur algjört hrun orðið í neyslu á efninu.

Örvar Geir Geirsson, stjórnarmaður í samtökunum RVK Homegrown sem berjast fyrir lögleiðingu kannabisefna, segir að nánast ekkert hass sé lengur á markaðnum.

„Öll framleiðsla á kannabis er orðin innlend. Síðan gjaldeyrishöftin komu á þá hefur verið erfitt að koma fjármagni út úr landinu til að flytja efnin inn. Allt fjármagn fór því í hina áttina, til að fjárfesta í búnaði hér innanlands til að koma upp ræktun.“ Hann segir að þróunina hafi upphaflega mátt sjá þegar lampar og annar ræktunarbúnaður fór að hverfa úr gróðurhúsum.

Örvar segir jafnframt að töluverður munur sé á neyslu á grasi og hassi. „Þetta hefur verið mjög ánægjuleg þróun þar sem grasið fer betur í fólk en hassið.“

Umræða um lögleiðingu vímuefna hefur breyst á síðastliðnum árum. Kristján Þór Júlíusson heilbrigðisráðherra hefur meðal annars gefið það út að hann vilji endurskoða refsistefnu í fíkniefnamálum. Örvar segir mikla ánægju ríkja meðal neytenda kannabisefna vegna þessa. „Við erum í skýjunum. Þetta virðist allt vera á hinni jákvæðustu leið.“

Öll framleiðsla á kannabis er orðin innlend. Síðan gjaldeyrishöftin komu á þá hefur verið erfitt að koma fjármagni út úr landinu til að flytja efnin inn. Allt fjármagn fór því í hina áttina, til að fjárfesta í búnaði hér innanlands til að koma upp ræktun.

Örvar Geir Geirsson, stjórnarmaður í RVK Homegrown

Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er verðið á gramm af grasi 3.500 krónur og hefur það staðið í stað um nokkurra ára skeið. Sölumenn kannabisefna bjóða jafnan upp á magnafslátt af efninu. Örvar bendir á að ef tekið sé mið af verðlagsþróun og gengisþróun síðustu ára þá hafi kannabisefni í raun lækkað í verði.

Friðrik Smári Björgvinsson yfirlögregluþjónn segir skýringar á minnkandi hassneyslu vera takmarkaðri aðgang að gjaldeyri. Hann segir lögreglu þó ekki eiga erfðara með að finna smyglvarning en heimarræktun.


„Þetta er alltaf erfitt við að eiga en ef viljinn er fyrir hendi þá getur fólk annaðhvort flutt inn eða framleitt. Síðan er þetta bara spurning um vinnu, aðferðir og mannskap, hvernig gengur að leggja hald á efnin.“ segir Friðrik Smári.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur heimarræktun einstaklinga aukist. Sú framleiðsla er ekki hugsuð til sölu á efninu heldur einvörðungu einkaneyslu.



Í BLÁUM SKUGGA Talsmaður RVK Homegrown segir það engin áhrif hafa á markaðinn þegar stórum verksmiðjum er lokað. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

HALDLAGT MAGN AF HASSI OG KANNABIS 2007-2013 (KG)



Fór út af vegi við Akrafjall: Bifhjólamaður slasaðist mikið

SLYS Ökumaður bifhjóls sem fór út af veginum norðan við Akrafjall á laugardag liggur enn alvarlega slasaður á gjörgæslu Landspítala.

Slysið átti sér stað rétt austan við bæinn Kjalardal. Að sögn lögreglunnar á Akranesi kastaðist maðurinn af hjólinu og lenti töluvert frá veginum. Hann var fluttur á slyshadeild Landspítala þar sem honum er haldið sofandi í öndunarvél.

Tildrög slyssins eru enn ókunn og er málið í rannsókn.

SONOS FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

Spotify | Apple Music | Google play

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFT/ÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi

Stað	Þéttleiki	Hitastigi	Viðfarir
Alicante	27°	19°	New York 27°
Apéna	32°	19°	Orlando 31°
Basel	26°	19°	Ósló 19°
Berlín	19°	27°	París 21°
Billund	20°	20°	San Francisco 24°
Frankfurt	21°	31°	Stokkhólmur 16°

Á MORGUN
8-18 m/s, hviður við fjöll að 35 m/s

MÍÐVIKUDAGUR
8-15 m/s

Snjólaug Ólafsdóttir veðurfréttamaður

LÆGÐ Í SUMARFRÍ og vill auðvitað skoða Ísland! Stekkingur eða allhvas vindur næstu daga. Talsverð rigning verður um S- og V-vert landið á morgun en einna mest NV-til á miðvikudag. Hiti að 18 stigum á morgun en fer svo kólnandi, einkum N-lands.

Auglýsingaábyrgðing: ALMENNAR SÍMI 512-5401: Hjördís Zoega hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrir@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is

FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402: Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinnsson kolli@365.is, FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNÍ: Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarssdóttir vera@365.is RÁÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403: Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is PIJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407: Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is



Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka

„Auðvitað er betra að
hlaupa í leðurbuxum
– ef maður skyldi detta“

Fyrsta skrefið er að skrá sig á marathon.is

Reykjavíkumaraþon Íslandsbanka verður að morgni Menningarnætur þann 23. ágúst. Í boði verða vegalengdir við allra hæfi auk þess sem hægt er að fara heilt maraþon í boðhlaupi. Skráningar eru í fullum gangi á marathon.is.

Á hlaupastyrkur.is getur þú safnað áheitum og látið gott af þér leiða á hlaupum.

f Fylgstu með ævintýrum Skálmaldar
[Facebook.com/marathonmennirnir](https://www.facebook.com/marathonmennirnir)

Íslandsbanki, stoltur stuðningsaðili í 17 ár.

Skálmöld er komin í hlaupaskóna

Maraþonmennirnir og þungarokkararnir í Skálmöld eru byrjaðir að æfa fyrir sitt fyrsta Reykjavíkumaraþon. Fylgstu með undirbúningi og ævintýrum þessara skemmtilegu þungarokkara á Facebook-síðunni Maraþonmennirnir og fáðu hlaupaáætlun og fleiri gagnlegar upplýsingar í leiðinni.


Íslandsbanki

VEISTU SVARID?



1. Hversu gömul er reggíhljómssveitin Hjálmar?
2. Hvert á landið stendur til að flytja Fiskistofu?
3. Í hvaða tveimur hljómssveitum syngur söngkonan Salka Sól Eyfeld?

SVÖR

1. Títu áttu 2. Akureyrri 3. Amaba Dama og Reykjavíkurdætur

Hart barist um Tíkrit eftir að íraski stjórnarherinn hóf stórsókn til að ná borginni úr höndum ISIS: Vígamenn ISIS hrundu árás stjórnarhersins

ÍRAK, AP Stjórnarherinn í Írak hélt í gær áfram stórsókn í átt að borginni Tíkrit sem hófst á laugardag. Hart var barist um borgina í gær, en í gærkvöldi voru vígamenn ISIS-hryðjuverkasamtakanna enn við stjórn í borginni.

ISIS tóku Tíkrit þann 11. júní, en borgin er fæðingarborg Saddams Hussein heitins, einræðisherra landsins. Íbúar borgarinnar eru flestir súnnítar, eins og vígamenn ISIS, og hafa verið óánægðir með stjórn Nuris al-Maliki, forsætis-

ráðherra Íraks, sem er sjtí.

Herþylur og skriðdrekar tóku þátt í sókn stjórnarhersins, en bandarískir ráðgjafar tóku þátt í að skipuleggja hana. Vígamenn ISIS hrundu árás stjórnarhersins á laugardag, en harðir bardagar stóðu yfir í allan dag í gær.

Qassim al-Moussawi, talsmaður hersins, sagði í gær að aðgerðirnar í Tíkrit hefðu verið skipulagðar í nokkrum skrefum, og að þær hefðu gengið samkvæmt áætlun.

„Öryggissveitirnar hafa náð á

sitt vald að mestu þeim svæðum sem skilgreind voru í fyrsta stiginu, svo við höfum náð árangri,“ sagði al-Moussawi. „Nú er bara tímaspursmál hvenær við náum fullri stjórn á borginni.“

Bandarísk stjórnvöld hafa sent til Íraks 180 af þeim 300 hernaðarráðgjöfum sem tilkynnt hefur verið að eigi að senda til landsins. Þá hafa bandarískar herþotur og ómönnuð flugför verið notuð til að fylgjast með ferðum vígamanna ISIS á jörðu niðri.



FAGNA Íraskir hermenn halda á lofti herketnum fána ISIS um 60 kílómetra norður af Bagdad. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Giftust án samþykkis:

Voru myrt af fjölskyldunni

PAKISTAN, AP Foreldrar sautján ára stúlku sem giftist án leyfis þeirra myrtu dóttur sína og eiginmann hennar á föstudagskvöld í Punjab-héraði í austurhluta Páakistan.

Muafia Bibi og eiginmaður hennar, hinn þrítugi Sajjad Ahmed, voru myrt í þorpinu Satrah síðastliðinn föstudag. Að sögn lögreglu bendir allt til þess að foreldrar stúlkunnar, tveir frændur hennar og afi hafi ráðið að hjónunum og myrt þau. Þau voru myrt með kjöthníf. Meintir árásarmenn eru nú allir í haldi lögreglu.

Asghar Ali, lögreglustjórinn á svæðinu, segir að hjónin hafi gengið í það heilaga 19. júní og að fjölskyldan hafi lokkað þau heim með því að segjast sátta við ráðahaginn.

- bp

ESB hótar harðari aðgerðum:

Ræddu frið á símafundi

ÚKRAÍNA, AP Petro Porosjenko, forseti Úkraínu, freistaði þess í gær að ná friðsamlegri lausn á átökum við aðskilnaðarsinna í austurhéruðum landsins með símafundi með Vladímír Pútín Rússlandsforseta í gær.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Francois Hollande, forseti Frakklands, tóku einnig þátt í símafundinum, sem stóð í tvær klukkustundir.

Leiðtogar Evrópusambandsins hafa krafist Rússa og aðskilnaðarsinna um aðgerðir til að tryggja frið í Úkraínu, og hafa hótað frekari refsiaðgerðum verði ekki brugðist við.

Í yfirlýsingu frá Hollande um fundinn sagði að þar hefðu Rússar og Úkraínunum verið hvattir til að vinna að því sameiginlega að uppfylla skilyrði ESB.

- bj



Á EVRÓPU-

ÞINGINU Þingflokkur AECR hefur mátt sæta gagnrýni fyrir samstarf sitt og þjóðernisflokka frá Danmörku og Finnlandi. NORDICPHOTOS/AFP

Öfgaflokkar í félagi með Sjálfstæðisflokkki

Sjálfstæðisflokkurinn er aðili að evrópskum samtökum íhaldsmanna. Þingflokkur samtakanna á Evrópuþinginu starfar nú með umdeildum þjóðernisflokkum en Ragnheiður Elín Árnadóttir segir sjálfstæðismenn engu ráða um samstarfið.

STJÓRN MÁL Öfgaflokkar frá Danmörku og Finnlandi eru meðal þeirra sem gengu í mánuðinum til liðs við þingflokk Samtaka evrópskra íhaldsmanna og umbótasinna (AECR), samtaka sem Sjálfstæðisflokkurinn er meðal annars aðili að.

AECR varð til árið 2009 þegar Breski íhaldsflokkurinn sagði sig úr Evrópska þjóðarflokknum, samtökum hófsamra hægri-flokka (EPP), vegna ágreinings um völd og ítök Evrópusambandsins. Sjálfstæðismenn hafa átt aðild að samtökum frá því í nóvember 2011, en þeir áttu áður aðild að EPP.

Í kjölfar kosninga til Evrópuþingsins nú síðustu helgina í maí gengu til liðs við þingflokk AECR, sem kallast ECR, fjórir þingmenn Danska þjóðarflokksins og tveir þingmenn Finnka flokksins, sem áður kallaðist Sannir Finnar.

Þessir flokkar hafa oft verið nefndir hægriöfgaflokkar og berjast báðir fyrir harðlínustefnu í innflytjendamálum. Ummæli þingmanna þeirra hafa sætt mik-

illi gagnrýni og þótt bera vott um kynþátta- og útlendingahatur.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, iðnaðar- og viðskiptaráðherra og þingmaður Sjálfstæðisflokksins, er einn þriggja varaforseta AECR.

„Það sem sameinar okkur í AECR er fyrst og síðast Evrópuþingin,“ segir Ragnheiður Elín. „Það er ágætis samhlómur með stefnuyfirlýsingu AECR og sjálfstæðisstefnunni. Þar er lögð áhersla á frelsi einstaklingsins, viðskiptafrelsi, lága skatta og þess háttar, plús að vera ekki hlynnt frekari Evrópusamruna. Það er þar sem Sjálfstæðisflokkurinn sá samleið með þessum samtökum.“

Ragnheiður segir að aðild nýrra flokka að AECR verði væntanlega rædd á stjórnarfundum samtakanna í vikunni. Hún segir það alls ekki svo að hvaða flokkar sem er geti rúmast innan þessara samtaka.

„Flokkarnir þurfa að undirgangast þá stefnu sem samtökin standa fyrir,“ segir hún. „Þegar nýir flokkar eru teknir inn, þá er þess gætt afar vel að það sé ekki um



Þegar nýir flokkar eru teknir inn, þá er þess gætt afar vel að það sé ekki um

neina öfgaflokka að ræða.

Ragnheiður Elín Árnadóttir, einn þriggja varaforseta AECR

neina öfgaflokka að ræða, og engin öfgasjónarmið. Við höfum hafnað flokkum í gegnum tíðina sem hafa sóst eftir aðild vegna slíkra hluta.“

Hún segir að þar sem Ísland sé ekki í Evrópusambandinu hafi Sjálfstæðisflokkurinn ekkert um það að segja hvaða flokkar ganga til liðs við þingflokkinn á Evrópuþinginu.

„En hvað sem öðru líður, þá er ég fulltrúi Sjálfstæðisflokksins og Sjálfstæðisflokkurinn hefur sína stefnu, sem er skýr og klár og laus við allar öfgar í þessum efnun.“

bjarkia@frettabladid.is

Notendur dælulyklar og greiðslukorta lentu í vandræðum um helgina:

Óvart rukkaðir vegna truflana

VIÐSKIPTI Viðskiptavinir nokkurra íslenskra fyrirtækja urðu varir við það um helgina að gjaldfært var á greiðslukort þeirra vegna greiðslna sem tókust ekki.

Um er að ræða greiðslur sem framkvæmdar voru á stuttu tímabili síðastliðinn laugardag. Meðal annars kom þetta niður á viðskiptavinum Atlantsólú, sem auglýst hafði sérstakt tilboð þennan dag.

„Það komu upp truflanir í samskiptum milli aðila sem sjá um að þjónusta dælulyklil Atlantsólú og annarra sambærilegra aðila,“ segir Kristinn Wium, rekstrarstjóri hjá fyrirtækinu Point, sem veitir þjónustu með posa og

greiðslusöfnun. Hann segir að enn liggi ekki alveg ljóst fyrir hvað hafi gerst.

„Þetta var tíu mínútna tímabil þar sem truflanir voru í heimildagjöfni hvað þessa lykla varðar. Það er verið vinna í að greina hvað kom upp.“

Kristinn getur ekki sagt að svo stöddu hvaða fleiri fyrirtæki truflunin hafði áhrif á, né hversu marga viðskiptavini.

Hugi Hreiðarsson, markaðs- stjóri Atlantsólú, segir að leitast verið við að koma til móts við þá viðskiptavini sem fengu ekki réttan afslátt vegna truflunarinnar.

- bá



TÓKU BENSÍN Truflunin kom meðal annars niður á notendum dælulyklils Atlantsólú. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

VERKFERA SALAN



MILWAUKEE MONSTERSETT M18 PP6D-402B

HD18 PD – Höggborvél, HD18 SX – Sverðsög, HD18 CS – Hjólsög, HD18 JS – Stingsög, C18 ID – Höggskrúf vél, C18 WL – Vinnuljós, 2 x M18 4,0 Ah Red Li-Ion Rafhlöður, C18 C hleðslutæki, Verkfærataška. MW 4933 4474 00

MILWAUKEE HÖGGBORVÉL M12 BPD-402C

Mesta átak 38 Nm. Vinnuhraðar: 0-400/0-1500 Sn/mín. Patróna: 10mm. Högg tíðni: 22.500 mín. Fylgir: 2 x M12 4.0 Ah REDLithium rafhlöður, Hleðslutæki, handfang, beltishanki og taska. MW 4933 4419 35



TILBOÐ
KR. 36.900,- M/vsk.

Síðumúla 11 - 108 Reykjavík Sími 568-6899
Póstfang: vfs@vfs.is Netsíða: www.vfs.is

Málrameistarar kunna sitt fag.

80%

þeirra* velja okkar vörur.
Þú getur treyst fagmönnum.

 **málning**
- það segir sig sjálft -



*Hlutfall málrameistara sem eru í viðskiptum við Málningu hf.



Veljum íslenskt
- okkar hagur!
Samtök iðnaðarins - www.sí.is

Útsölustaðir Málningar: BYKO Kópavogi • BYKO Granda • Litaver Grensásvegi • BAUHAUS • Axel Þórarinnson málrameistari, Borgarnesi • Virkið Hellissandi • Málningarbúðin Ísafirði • Vilhelm Guðbjartsson málrameistari, Hvammstanga • Verslunin Eyri, Sauðárkróki • BYKO Akureyri • Verslunin Valberg, Ólafsfirði • BYKO Reyðarfirði • Ormsson Vík, Egilsstöðum • Verslunin PAN, Neskaupstað • BYKO Selfossi • Miðstöðin Vestmannaeyjum • BYKO Keflavík • N1 verslun, Grindavík

Stjórnvöld í Norður-Kóreu sendu alþjóðasamfélaginu kunnugleg skilaboð: Skutu tveimur eldflaugum á loft

NORÐUR-KÓREA, AP Stjórnvöld í Norður-Kóreu skutu á loft tveimur skammdrægum eldflaugum í gær. Eldflaugarnar höfnuðu í hafinu austur af landinu. Stjórnvöld sögðu í síðustu viku að þrún á nýrri gerð eldflauga væri lokið.

Heimildarmaður AP-fréttastofunnar innan hers Suður-Kóreu segir að svo virðist sem flugskeytin hafi verið skammdræg Scud-flugskeyti, sem voru hönnuð í Sovétríkjunum á tímum kalda stríðsins. Stjórnvöld í Norður-Kóreu nota

gjarnan heræfingar til að senda alþjóðasamfélaginu skilaboð. Stjórnmalaskýrendur hafa því sett eldflaugaskotin í gær í samhengi við gagnrýni stjórnvalda í Norður-Kóreu á meintar æfingar stórskotaliðs hers Suður-Kóreu nærri eyjaklasa sem ríkin deila um á hafsvæðinu austur af Kóreuskaga.

Aðrir hafa bent á að í vikunni muni Xi Jinping, forseti Kína eina eiginlega bandamanns Norður-Kóreu, eiga fund með Park Geun-hye, forseta Suður-Kóreu. -bj



SKOT Maður fylgist með sjónvarpsútsendingu frá eldflaugarskotinu í Seúl, höfuðborg Suður-Kóreu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sakar forsvarsmann Landsnets um lygar

Fráfarandi formaður Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar fór hörðum orðum um ummæli forstjóra Landsnets um að sveitarfélög hefðu dregið lappirnar. „Sveitarfélög hafa allan tímann verið áfram um að aðstoða Landsnet við að leggja línur.“

ORKUMÁL Fráfarandi formaður Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar (AFE) sakaði forstjóra Landsnets um að fara með ósannindi þegar hann sagði sveitarfélögin hafa dregið lappirnar við að koma betri byggðalínu til Eyjafjarðar.

„Það er grátlegt þegar fulltrúar opinberra einokunarfyrirtækja láta hafa svona eftir sér,“ sagði Oddur Helgi Halldórsson, fráfarandi formaður AFE og bæjarfulltrúi á Akureyri síðastliðna tvo áratugi, í ræðu á ársfundi AFE á föstudag.

Þetta var síðasta embættisverk Odds Helga þar sem hann hætti í bæjarstjórn eftir sveitarstjórnarkosningarnar í lok maí síðastliðins. Í ræðu sinni sagði hann að málefni byggðalínunnar hefðu svo sannarlega ekki strandað á sveitarstjórnnum á Eyjafjarðarsvæðinu. Fréttablaðið birti í síðustu viku frétt um að raforkuflutningar til Eyjafjarðar væru í molum.

Þórður Guðmundsson, forstjóri Landsnets, sagði þessi mál vera í ákveðinni biðstöðu. Á teikniborðinu væri um tólf til fimmtán milljarða framkvæmd af þeirra hálfu til að styrkja orkuflutninga til Eyjafjarðar um nýja Blöndulínu, svokallaða Blöndulínu þrjú. Hins vegar stæði allt fast í skipulagsvinnu þeirra sveitarfélaga sem línán mun fara í gegnum. Þessu er Oddur Helgi ósammála.

„Eitt verð ég að koma inn á og mótmæla, það er umfjöllun í fjölmiðlum um orkuleysi fjarðarins, þar sem Landsnet kennir sveitarfélögunum um. Ég segi hreint út að það er ekki satt að það sé okkur sveitarfélögunum að kenna. Sveitarfélögin á svæðinu hafa allan tímann verið áfram um það að aðstoða landsnet við að leggja þessar



BYGGÐALÍNA Raforkuflutningar til Eyjafjarðar eru í molum og úrbóta er þörf.

línur,“ sagði Oddur í ræðu sinni.

Hann sagði Landsnet ekki hafa léð máls á samstarfi við sveitarfélögin um lausnir, heldur hafi barið höfðinu við steininn og viljað gera þetta algerlega eftir sínu höfði.

„Ég fullyrði, til dæmis hvað viðkemur Akureyrarbæ, að ekki hefur strandað á okkur að finna leið fyrir þá fyrir jarðstreng í gegnum bæjarlandið. Það er grátlegt þegar fulltrúar opinberra einokunarfyrirtækja láta hafa svona eftir sér.“

sveinn@frettabladid.is



„Sveitarfélögin á svæðinu hafa allan tímann verið áfram um það að aðstoða Landsnet við að leggja þessar línur.“

Oddur Helgi Halldórsson, fráfarandi formaður AFE

Óttast er að tugir séu fastir í rústum tveggja húsa sem hrundu á Indlandi:

Fimm handteknir og 22 látnir

INDLAND, AP Að minnsta kosti 22 eru látnir eftir að tvær stórar byggingar hrundu á Indlandi á laugardag. Tugir eru taldir fastir í rústunum. Fimm stjórnendur verktakafyrirtækis sem reisti aðra bygginguna voru handteknir.

Þjörgunarmenn notuðu logsuðutæki og skóflur til að reyna að bjarga fólki úr rústunum. Talið er að það geti tekið einhverja daga til viðbótar að ná öllum úr rústunum og því líklegt að tala látinna muni hækka á næstu dögum.

Talið er að nærri 90 verkamenn hafi verið í kjallara annarrar byggingarinnar. Þeir voru að sækja laun sín á laugardag þegar ellefu hæða byggingin hrundi til grunna. Ástæður þess að hún hrundi eru ekki ljósar. Á fjórða tug manna höfðu í gær verið grafnir út úr rústunum. Fjórir voru þegar látnir og sjö til viðbótar létust af meiðslum sínum eftir komuna á spítala.

Fjögurra hæða bygging hrundi fyrr um daginn, og létust ellefu í því slysi, auk þess sem einn er alvarlega slasaður. -bj



BYGGING HRUNDI Mikil eftirspurn er eftir húsnæði á Indlandi og freistast verktakar oft til að brjóta byggingarreglugerðir til að græða meira. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

BRAGÐGÓÐ LAUSN!

NÝJAR
UMBÚÐIR

PLÚS er bragðbættur með frískandi góðu engifer- og sítrónubragði og inniheldur færri hitaeiningar en þú heldur.*

Það er PLÚS.

*PLÚS með engifer- og sítrónubragði inniheldur einungis 95 kalóríur.

Égils

NATURE'S COMFORT

heilsurúm

Verðdæmi →
160x200 cm



ÚTSALA
30.000
KRÓNA AFSL.

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
119.900
FULLT VERÐ 149.900



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Steyptar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Heilsu- og hægindalag í yfirdýnu sem hægt er að taka af
- Burstaðar stállappir

NATURE'S REST

heilsurúm

Verðdæmi →
90x200 cm



ÚTSALA
20.000
KRÓNA AFSL.

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
48.900
FULLT VERÐ 68.900



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Aldrei að snúa
- Svæðaskipt pokagormakerfi
- Fábærar kantstyrkingar
- Sterkur botn
- Burstaðar stállappir



DORMA

- býður góða nótt

EKKI MISSA AF ÞESSU SUMARÚTSALA 20-50% AFSLÁTTUR

NÝTTU TÆKIFÆRIÐ ENN BETRA DORMAVERÐ

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
169.900
FULLT VERÐ 229.900

IBIZA
hornsófi með tungu

ÚTSALA
60.000
KRÓNA AFSL.



Stærð: 286 x 198 H: 86 cm.
Slitsterkt dökkgrátt áklæði.
Tunga getur verið beggja vegna. Hægri tunga á mynd.

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
24.950
FULLT VERÐ 49.900

ÚTSALA
50%
AFSLÁTTUR



MILANO
hægindastóll

Brúnt tauáklæði

AFTON
hægindastóll með skemli

MONTARIO svefnsófi

DÚNSÆNG
140x200 cm.
50% gæsadúnn
50% smáfiður

DÚNKODDI
50x70 cm.
15% gæsadúnn
85% smáfiður

ÚTSÖLUVERÐ: 13.230
Fullt verð: 18.900,-

ÚTSÖLUVERÐ: 3.430
Fullt verð: 4.900,-



DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
59.900
FULLT VERÐ 99.900

ÚTSALA
40%
AFSLÁTTUR

DORMA
- býður góða nótt
SUMAR ÚTSALA
79.900
FULLT VERÐ 99.900



ÚTSALA
20.000
KRÓNA AFSL.

Stærð: 158 x 90 cm. Slitsterkt svart áklæði.
Dýnustærð 140x200 cm. Rúmfatageymsla



ÚTSALA
30%
AFSLÁTTUR

DORMA
- býður góða nótt



HLÍÐARBÚNAÐUR Meðlimur samtakanna Læknar án landamæra setur á sig hlífðargleraugu áður en hann sinnir sjúklingum sem eru í einangrun. NORDICPHOTOS/AFP

Nærri 600 smitast af ebóla-vírusnum í þremur Afríkurríkjum: **Ebóla-faraldurinn stjórnlaus**

SIERRA LEÓNE, AP Ebóla-faraldurinn sem geisar í þremur löndum í Vestur-Afríku er orðinn stjórnlaus, að sögn samtakanna Læknar án landamæra. Alls hefur verið staðfest að 599 hafa smitast af vírusnum og 338 hafa látist í Líberíu, Gíneu og Sierra-Leóne. Þetta er verstí ebóla-faraldurinn sem vitað er af.

Engin lækning er til við ebóla-vírusnum. Hann veldur innvortis blæðingum og líffærabilun. Vírusinn smitast milli manna meðal annars í jarðarförum þeirra sem hafa látist af hans völdum. Rúmlega helmingur þeirra sem smitast af ebóla-vírusnum deyr. -bj

Óljóst hvort dómari eigi að geyma gögn

Dómstólar landsins viðhafa ekki sama verklag í hlerunar- og húsleitarmálum. Allir aðrir dómstólar en Héraðsdómur Reykjavíkur geyma öll gögn. Dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur segir vafa leika á hvernig túlka skuli lögin en segist fara að lögum.

DÓMSMÁL Allir héraðsdómstólar landsins nema Héraðsdómur Reykjavíkur geyma framlögð rannsóknargögn í málum er snerta húsleit eða hleranir. Þetta kemur fram í svörum við fyrirspurnum Fréttablaðsins til héraðsdómstóla landsins sem og svörum dómstólanna við fyrirspurnum lögfræðinga Samherja.

Samkvæmt lögum um sakamáli ber dómstólum að geyma framlögð gögn, en dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur segir vafa ríkja um gögn sem lögð séu fram á rannsóknarstigi. Ingvaldur Einarsdóttir, héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur, hefur verið kærð meðal annars vegna þess að málskjöl og fylgigögn við úrskurð um húsleitarheimild hjá Samherja árið 2012 finnast ekki hjá Héraðsdómi Reykjavíkur.

Í 15. grein sakamállalaga segir: „Skjöl, sem eru lögð fram í dómi, skulu vera í frumriti séu þau tiltæk. Þau skulu merkt í áframhaldandi töluorð og vottuð um framlagningu.“ Í annarri málsgrein sömu lagagreinar segir: „Framlögð skjöl skulu varðveitt í skjalasafni hlutaðeigandi dómstóls þar til þau verða afhent Þjóðskjalasafni.“

Sigurður Línadal lagaprófessor segir dómstóla verða að haga vinnu sinni þannig að þeir vinni eins á öllu landinu. Það sé ekki æskilegt ef vinnulag um geymslu gagna sé mismunandi eftir umdæmum héraðsdómstóla.

Ingimundur Einarsson, dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur, tekur undir að óheppilegt sé að menn viðhafi ekki sömu vinnubrögð í öllum héraðsdómstólum landsins, en segir Héraðsdóm Reykjavíkur fara að lögum.

„Þetta hefur alla tíð verið gert með þessum hætti,“ segir Ingimundur. Hann segir vafa leika á hvort dómstólum sé skylt að geyma gögn sem eru lögð fram þegar óskað er eftir heimild til húsleitar eða símahlerunar.

„Málið hefur ekki verið höfðað, þarna er verið að óska eftir úrskurði á rannsóknarstigi, en það er ekki verið að höfða málið með þessu,“ segir Ingimundur.

Hann segir að í þessu líti dómstóllinn til 103. greinar sakamállalaga, þar sem fjallað er um framgang rannsóknarmála fyrir dómi. Þar segir að lögreglustjóri eða ákærvaldið skuli leggja skriflega og rökstudda kröfu um atbeina dómara fyrir dómstóllinn. Þeirri



HÉRAÐSDÓMUR REYKJAVÍKUR Héraðsdómurinn er sá eini á landinu þar sem skjöl eru ekki geymd í úrskurðum um hlustun og húsleit.

„Lögin eru nokkuð skýr“



Sigurður Línadal lagaprófessor telur lagabókstafinn hvað varðar geymslu rannsóknargagna nokkuð skýran. Lögin kveða á um að leggja skuli fram gögn í málum um rannsóknarúrskurði og gögnin eigi að vera geymd hjá héraðsdómi þar til þau fara til Þjóðskjalasafns. Þegar hann er spurður út í muninn á því að gögn „liggi frammi“ og að gögn séu „lögð fram“ er fátt um svör. „Ég játa það að ég skil þetta eiginlega ekki. Þetta þarf líklega að senda í guðfræðideildina, þeir eru fræðingar í því að reyna að skilja það sem er óskiljanlegt,“ segir Sigurður.

kröfu eiga að fylgja þau gögn sem hún stýðst við. Þar er ekkert tekið fram um hvort dómstóllinn skuli geyma gögn eða ekki.

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands, hefur tjáð sig um málavöxtu á þann hátt að eðlilegt sé að rannsóknargögn séu ekki geymd. Hann skrifar á Facebook-síðu sína: „Rannsóknargögn „liggja þannig frammi“ þegar mál er tekið fyrir en eru ekki „lögð fram“ þannig að þau verði að dóm-skjölum og varðveitt hjá viðkomandi dómstól. Þess er því ekki að vænta (eðlilega) að rannsóknargögn sé að finna í skjalasafni héraðsdóms.“

Þetta virðist stangast á við ákvæði 15. greinar sakamállalaga, sem dómstólar eiga að fara eftir.

„Það er mikill munur á því að rannsóknargögn séu lögð fram sem skjöl í málum eða hvort rannsóknargögn liggja frammi þannig að dómari geti glöggvað sig á málavöxtum til að úrskurða um heimild til hlustunar eða húsleitar. Rannsóknargögn eru afar viðkvæm.



„Það er mikill munur á því að rannsóknargögn séu lögð fram sem skjöl í málum eða hvort rannsóknargögn liggja frammi þannig að dómari geti glöggvað sig á málavöxtum til að úrskurða um heimild til hlustunar eða húsleitar.“

Skúli Magnússon, formaður Dómarafélags Íslands

Einnig þyrfti að hugsa þessi mál alveg upp á nýtt ef þyrfti að geyma öll gögn hjá dómstólum,“ segir Skúli í samtali við Fréttablaðið.

„Það er rétt að öll skjöl sem lögð eru fram í málinu eru geymd og eiga að vera geymd samkvæmt lögum.“

*sveinn@frettabladid.is
brjann@frettabladid.is*

Skrúfur og festivörur í Múrbúðinni

Ruspert skrúfan sem iðnaðarmenn velja. **MÚRBÚÐARVERÐ**

Týpa 17 oddur auðveldar skrúfun!

Ruspert ceramic húðun þolir meira en 2000 tíma saltupplausn

Riffur sem skera viðinn

„Torque“ riffur minnka viðnám og hreinsa gatið!

Torx

Pakki af þessum Ruspert skrúfum 4,5x50 200 stk kostar kr. **1.095**

Mikið úrval af skrúfum og festingavörum

Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar

A4 A2 Rafgalv Ruspert Gippskrúfur Kopar

Kletthálsi Reykjavík
Reykjanesbæ

MÚRBÚÐIN

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

TJALDAÐU

EKKI TIL EINNAR NÆTUR

FRÁBÆRT ÚRVAL AF TJÖLDUM Í GLÆSIBÆ



HIGH PEAK COMO
37.990 / 44.990 KR.
4 og 6 manna traust fjölskyldutjald



HIGH PEAK ANCONA
59.990 KR.
5 manna þægilegt fjölskyldutjald



HIGH PEAK CAVE
26.990 KR.
2 manna þægilegt göngutjald



THE NORTH FACE TALUS 3
64.990 KR.
3 manna létt og rúmgott göngutjald

ÚTILÍF

GLÆSIBÆ

KRINGLUNNI

SMÁRALIND

utilif.is



HELLUHRAUN Pykkan, svartan reyk lagði yfir nágrennið. FRÉTTABLAÐIÐ/HG

Slökkvilið kallað út:

Eldur kom upp í ruslahaug

BRUNI Eldur kviknaði í ruslahaug við Helluhraun í Hafnarfirði á þriðja tímanum á laugardag. Lið frá tveimur slökkvistöðvum voru kölluð út og rúman hálf tíma tók að ráða niðurlögum eldsins.

Slökkviliðið girti svæðið af og gerði ráðstafanir líkt og um sprengihættu væri að ræða.

„Við vildum umgangast eldinn af mikilli varúð, því þegar það er eldur í svona haug veit maður aldrei hvað leynist í honum,“ segir Ólafur Ingi Grettisson, innviarðstjóri Slökkviliðsins á höfuðborgarsvæðinu. - kak

Uppreisnarmenn berjast:

Um 7.000 látnir frá því í janúar

SÝRLAND, AP Rúmlega 7.000 manns, aðallega uppreisnarmenn sem berjast gegn stjórn Bashars al-Assad Sýrlandsforseta, hafa fallið í átökum milli uppreisnarmanna í norðurhluta Sýrlands á þessu ári.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá breskum mannréttindasamtökum sem starfa á svæðinu.

Frá því í janúar hafa samtökin skráð nöfn þeirra sem hafa fallið í átökum milli uppreisnarmanna sem eru annars vegar tengdir al-Kaída og hins vegar uppreisnarmanna í samtökunum Íslamskt ríki í Írak og Austurlöndum nær, ISIS.

Nöfnin eru nú orðin 5.641 talsins. Nöfn um 1.200 til viðbótar hafa ekki verið staðfest. Þá hafa 650 óbreyttir borgarar látið lífið. - bp



ÍSLENSKT VEGABRÉF Íslendingar geta ferðast til 165 landa án áritunar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Áritun óþörf í 165 löndum: Íslensk vegabréf þau 25. bestu

SAMGÖNGUR Íslensk vegabréf koma handhöfum sínum til 165 landa án þess að þeir þurfi sérstaka vegabréfsáritun. Aðeins 24 lönd gefa út „öflugra“ vegabréf að þessu leyti, samkvæmt nýlegum lista tímaritsins Good.

Í efsta sæti listans tróna Svíþjóð, Finnland og Bretland. Handhafar vegabréfa frá þessum löndum geta ferðast til 173 annarra landa án áritunar.

Vegabréf frá Afganistan verma neðsta sæti listans en aðeins 28 lönd hleypra handhöfum slíkra vegabréfa inn án áritunar. - bá

Samkomulag hefur náðst milli Akureyrarbæjar og K&G fiskverkunar um forkaupsrétt á kvóta í Hrísey:

„Markmiðið að styrkja byggðina í Hrísey“

HRÍSEY Á fundi bæjarráðs Akureyrar síðastliðinn fimmtudag var samþykkt samkomulag við K&G fiskverkun í Sandgerði um forkaupsrétt á aflaheimildum í Hrísey. Forsaga málsins er sú að K&G fiskverkun keypti allar eignir fyrirtækisins Hvamms í Hrísey í maí síðastliðnum. Í febrúar sagði Hvammur upp öllum starfsmönnum sínum og áformaði að loka vinnslu sinni í eyrni. Fimmtán starfsmenn unnu hjá fyrirtækinu og hefði þetta þýtt mikla blóðtöku í atvinnulífina í eyrni.

Inga Þóll Þórgnýsdóttir, bæjarlögmaður Akureyrarkaupstaðar, segir að þetta samkomulag sé góð niðurstaða fyrir sveitarfélagið.

„Samkomulagið snýr að því að ef K&G ákveður að selja aflaheimildir sínar í eyrni eða flytja þær annað hefur Akureyrarkaupstaður forkaupsrétt á aflaheimildunum.“

Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, telur meginmarkmiðið vera að efla byggð í eyrni og að þetta hafi verið eitt skref í þeirri vegferð.

„Þetta samkomulag er þannig að við tryggjum okkur forkaupsréttinn. Ákveðin umræða fór af stað í þjóðfélaginu eftir hagræðingaradgerðir Vísis í Grindavík og við vildum vera viss um að þetta myndi ekki henda í Hrísey,“ segir Eiríkur Björn. - sa



HRÍSEY Akureyrarbær hefur tryggt sér forkaupsrétt á aflaheimildum í eyrni. MYND/ANNA TRYGGVADÓTTIR

Gott. Betra. Bosch.

Hjá Bosch er hvert smáatriði gaumgæft. Þess vegna prófar Bosch allar vörur sínar vel og vandlega. Og svo prófa þeir þær aftur. Síðan prófa aðrir þær, til dæmis Råd & Rön og hliðstæðar prófunarstofnanir í löndum víða í Evrópu.

Árangurinn? Sigursælt vörumerki!

Gæðin endurspeglast af hverju smáatriði.



Uppþvottavél
SMU 53M72SK



Þvottavél
WAY 32890SN



Spanhelluborð
PIE 645F17E

Hæsta einkunn fyrir hraða og viðurkenning fyrir gæði og góða frammistöðu hjá sænska prófunar- og rannsóknarsetrinu Testfakta, september 2013.



Ryksuga
BSGL 52237



Kæli- og frystiskápur
KGN 36AW32



Hrærivél
MUM 52120



Hraðsuðukanna
TWK 8611



Ryksuga
BGL 35MOV11

BOSCH

BÚÐIN

Hlíðasmára 3 · www.bosch.is · Sími 520 3090

Borginni gert að birta niðurstöður PISA-könnunar:

Aðhald í krafti upplýsinga

Pað er gott fyrir grunnskólana í Reykjavík, nemendurna og foreldra þeirra að úrskurðarnefnd upplýsingamála skyldi skikka borgina til að birta niðurstöður um frammistöðu einstakra grunnskóla í PISA-könnuninni svokölluðu. Það er alþjóðleg könnun sem mælir frammistöðu tíundu bekkinga í ýmsum grunnpáttum þeirrar þekkingar sem fólk á að hafa á valdi sínu í lok grunnskóla.

Borgarstjórnarmeirihlutinn hafði fyrir kosningar hafnað kröfum sjálfstæðismanna í borgarstjórn og margra foreldra um að niðurstöðurnar yrðu birtar. Úrskurðarnefndin var hins vegar ósammála þeirri skoðun borgarstjórnarmeirihlutans að niðurstöðurnar væru vinnuþagg, bara fyrir sérfræðinga og fagfólk borgarinnar til að rýna. Foreldrar og allur almenningur fá nú aðgang að upplýsingum um það hvernig einstakir skólar í Reykjavík standa.

Ólafur P. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Hitt er svo annað mál, að það segir okkur ekki mikið hvaða skóli kom verst út úr könnuninni og hver bezt. Undanfarna daga hefur mest verið gert úr því í fréttum að Fellaskóli hafi komið verst út í könnuninni. Það kom ekki á óvart; í skólahverfi þess skóla er hæsta hlutfall innflytjenda í borginni og mikið af fólki með lágar tekjur og litla menntun. Þess vegna var niðurstaðan fyrir séð. Um leið er þó ekki bara hægt að útskýra burt slaka niðurstöðu í PISA-könnuninni með því að íbúasamsetningin í hverfinu sé svona eða hinsegin.

Nú þegar foreldrar í Reykjavík hafa fengið niðurstöðurnar í hendur, eiga þeir að spyrja skóla barnanna og borgarkerfið spurninga á borð við þessar: Hvernig kemur skólinn út í samanburði við síðustu PISA-könnun? Miðar í rétta átt eða er árangurinn niður á við? Hvernig kemur skólinn út í samanburði við skóla í hverfum þar sem dreifing íbúanna eftir tekjum, menntun og uppruna er svipuð og í mínu hverfi? Hvernig er samanburðurinn í alþjóðlegu samhengi? Eru niðurstöðurnar í samræmi við útkomu úr samræmdum prófum? Hvað gera skólarnir sem koma bezt út öðruvísi en skólar sem koma ekki eins vel út? Telja skólastjórnendur að þeir geti bætt eitthvað? Hvað getum við sem foreldrar gert öðruvísi til að styðja betur við börnin heima fyrir?

PISA-niðurstöðurnar snúast þannig ekki um einhverja óheilbrigða og neikvæða samkeppni milli skóla, eins og sumir hafa haldið fram. Þær eiga að nýtast til að bæta skólasterfið, rýna hvað er vel gert og hvað síður og fyrst og fremst hvað er hægt að gera til að bæta árangur skólanna.

Eftir að pólitíska kerfið hafði ákveðið að þessar niðurstöður væru bezt geymdar sem leyndarmál sem eingöngu líftill hópur fagfólks hefði aðgang að, kærði framtakssamt foreldri ákvörðunina og fékk niðurstöðurnar fram í dagsljósið. Nú ætti borgin ekki að bíða eftir næsta kærumáli, heldur þvert á móti gera opinbera og aðgengilega allar mögulegar upplýsingar um frammistöðu skólanna í Reykjavík, sem liggja fyrir en eru ekki á almennu vitorði foreldra. Þannig er valdajafnvæginu á milli foreldra og kerfisins vissulega raskað; í upplýsingunum felst vald, sem foreldrar fá nú í auknum mæli. En það er samt ekki slæmt fyrir kerfið. Það eykur aðhaldið og er gott fyrir hið opinbera skólakerfi.

FRÁ DEGI TIL DAGS

Flijótt flýgur Fiskistofa

Sigurður Ingi Jóhannsson, atvinnuvega- og nýsköpunarráðherra, stimplaði sig rækilega inn í umræðuna fyrir helgi þegar hann mætti á kontórinu hjá Fiskistofu og tilkynnti öllum að búllunni yrði svo gott sem lokað. Nú hefur komið á daginn að lögfróðir menn telja ákvörðunina ólöglega. Ráðherra hefði mátt segja sér það sjálfur enda er það fólk í fersku minni þegar dómur féll gegn ríkinu þegar Landmælingar Íslands voru fluttar með sambærilegum hætti. Það er raunar alveg með ólíkindum að engar viðvörunarþjöllur hafi farið í gang hjá starfsmönnum ráðuneytisins, aðstoðar-

mönnum og ráðherrum í ríkisstjórn áður en ákvörðunin var tekin.

Ekki benda á mig


Það eru fleiri fréttir úr atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu. Það hefur komið upp úr dúrnum að nær allt íslenskt grænmeti hefur síðastliðin tólf ár verið merkt vottun sem ekkert eftirlit hefur verið með. Svo virðist sem ráðuneytið sjálft hafi gleymt að fylgja eigin reglugerð eftir. Sigurður Ingi furðar sig á því að kartöflubændurnir hafi notað vottunina í öll þess ár þrátt fyrir eftirlitsleysið en gleymir ábyrgð ráðuneytisins í þeim efnum. Er það ekki ráðuneyti

landbúnaðar sem á að sjá til þess að bændur geri hlutina almennilega?

Í hópi öfgaflokka

Sjálfstæðisflokkurinn hefur fengið heldur óskemmtilega féлага til liðs við sig í Samtökum evrópskra íhaldsmanna. Finnski flokkurinn hefur sótt um aðild að samtökunum sem Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra er varaforseti að. Finnski flokkurinn hefur meðal annars lagt til að þeir útlendingar sem búi í Finnlandi beri merki á erminni svo unnt sé að þekkja þá. Spurning hvort Ragnheiði takist að standa í vegi fyrir rasistunum sem nú banka og vilja komast inn.

snaeros@frettabladid.is



HALLDÓR



FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

Neyðarákall

Sendu sms-ið **BARN** í númerið **1900** og gefðu **1.900 krónur**

fyrir börn í Suður-Súdan

Hundruð þúsunda barna búa við sára neyð og hungur í Suður-Súdan.

Pau þurfa hjálp – núna!

Um forgangsroðun

STJÓRN MÁL



Valgerður Bjarnadóttir
Þingmaður
Samfylkingarinnar

Er það rétt sem forsætisráðherrann sagði í háttóðarræðu sinni 17. júní að framfarirnar sem orðið hafa í landinu á undanförunum áratugum hafi ekki nýst landinu öllu? Er það mælikvarði á hvernig framfarirnar hafa nýst að nú býr hlutfallslega færri fólk í hinum dreifðari byggðum en gerði við lýðveldistökuna?

Ég held að svarið við báðum spurningunum sé nei. Það kom reyndar fram í máli ráðherrans að það er ekki séríslenskt fyrirbrigði að fólk flytjist í þéttbýli. Úr sveitum í þorp eða bæi og frá þorpum og bæjum á stærri þéttbýlissvæði.

Enn má spyrja og nú hvort það sé sérstakt hlutverk stjórnmalanna að sporna við þessari þróun? Svarið við því er líka nei. Auðvitað er það hlutverk stjórnmalanna að stuðla að því að fólk hafi það sem best og geti lifað sem auðugustu lífi hvar sem það kys að búa. En það er ekki hlutverk stjórnmalanna að berjast gegn þróuninni.

Auðvitað hafa orðið gífurlegar framfarir um allt land. Það er óskynsamlegt að gefa annað í skyn. Samt sem áður getur verið full þörf á að styrkja innviði, samgöngur og fjarskipti til að nefna augljós verkefni.

Ég hef minni áhyggjur af landsbyggð-

→ Nú hyggst ríkisstjórnin eyða umtalsverðum fjármunum í hreppaflutninga frá Hafnarfirði til Akureyrar. – Stundum skilur kona ekki forgangsroðunina.

inni en því að 12.000 börn á Íslandi búi eða eigi á hættu að búa við fátækt, eins og fram kom í skýrslu sem birt var í apríl. Þessar áhyggjur dvína ekki þegar hugsað er til þess að landsbyggðin á öflugan her þingmanna sem heldur hag hennar á lofti. Börnin hafa hins vegar ekki atkvæðisrétt. – Kannski er rétt að rifja upp að 7.000 manns búa á Vestfjörðum.

Með fjárlögum samþykkti Alþingi að barnabætur yrðu 10,2 milljarðar á árinu. Reglur um úthlutun gefa tilefni til að ætla að afgangur verði og að tugir milljóna renni aftur í ríkissjóð. Eitt af síðustu verkum þingsins var að fella tillögu sem hefði tryggt að öll fjárhæðin rynnir til barnafjölskyldna. Nú hyggst ríkisstjórnin eyða umtalsverðum fjármunum í hreppaflutninga frá Hafnarfirði til Akureyrar. – Stundum skilur kona ekki forgangsroðunina.

Velgjörðarmaður að sunnan

Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson
ríthöfundur

Hér á landi er viss tilhneiging til að lifa sig inn í hlutskipti eða hugmynd án þess að veruleikinn sé endilega alltaf hafður með í ráðum. Sama þjóð og taldi ekki eftir sér að áminna fjölmenningsarsamfélög Evrópu strengilega um að sýna enga fordóma lét skömmu síðar borgarstjórnarkosningar snúast um hugsanleg vandamál kringum órisna mosku sem að dómi fjölda manns – fordómi – myndi leiða til nauðungarhjonabanda í stórum stíl og jafnvel innleiðingu sjaríalaga hér á landi.

Og nú er okkur ætlað að trúá því að Akureyri sé jaðarbyggð, sem þurfi sárlega á því að halda að fólk sé flutt þangað nauðungarflutningum enda sé það stórfellt hagsmunamál svonefndrar „landsbyggðar“ að fólk sé gert að búa utan Reykjavíkur.

„Landsbyggðin“?

Eru það hagsmunir fólks á Flateyri að Fiskistofa starfi á Akureyri fremur en í Reykjavík? Breytir það einhverju fyrir fólk á Höfn í Hornafirði? Líta íbúar í Vík í Mýrdal á Akureyri sem sína höfuðborg? Eru Akureyri og Hellisandur einhvers konar eining sem standi andspænis Reykjavík? Eða eiga kannski Akureyri og Stykkishólmur það eitt sameiginlegt að vera ekki Reykjavík? Er það nóg?

Hver er þessi „landsbyggð“? Allt sem er ekki Reykjavík? Íslendingabyggðir

utan Reykjavíkur? Eru þá Kaupmannahöfn og Winnipeg „landsbyggðin“? Og ef við höldum okkur við þessa eyju: hvar drögum við mörkin? Er Álftanes „landsbyggðin“? Kópavogur? Skútuvogur? Grensásvegur?

Síðast þegar ég gáði var Akureyri blómlegt bæjarfélag og Akureyringar stoltir og harðmæltir, myndarlegt fólk upp til hópa, duglegir að þvo bílana sína og klippa hekkinn; vinnusamt og vandað fólk sem ekki þarf á neinni ölmusu að halda, og allra síst því að fólk sé neytt til þess að flytja þangað frá Reykjavík. Það hlýtur að vera óskemmtilegt að fá nágranna sem látinn hefur verið flytja í götuna til manns. Á Akureyri eru ágætir innviðir og haldi þeir áfram að reka sitt góða leikfélag, rækta kórana sína fínu, hlúa að þeirri merkilegu myndlistarhefð sem bærinn á – gæti þeir þess að eiga góða skóla, góða heilbrigðisþjónustu, skemmtilegt íþróttastarf og fallegan miðbæ – rækta þeir sem sagt garðinn sinn á öllum sviðum – þá dafnar bærinn því að það er alveg rétt sem Sigmundur Davíð segir, að það er gott að búa á Akureyri og Norðurlandi yfirleitt. En fólk verður að fá að fara þangað á eigin forsendum – eða að minnsta kosti öðrum forsendum en þeirri að afla honum atkvæða í bænum.

Sjálfur er Sigmundur Davíð aðkomumaður að sunnan. Og vill nú vera velgjörðarmaður að sunnan. Hann sálðr silfrinu úr opinberum sjóðum í þetta kjördæmi og hyggst nú skikka sjötíu manna vinnustað til að flytja norður, með manni og mús: Ykkur mun víst líða vel á Akureyri, segir hann eins og hann ráði því eitthvað hvernig fólk líður einhvers

staðar. Hvert er umboð hans? Hann er með rúm tuttugu og fjögur prósent atkvæða í síðustu alþingiskosningum á bak við sig; samkvæmt könnunum nýtur flokkur hans um þessar mundir stuðnings um tólf prósent landsmanna.

Pólariseringin

Auðvitað er borgarlífið í Reykjavík um sumt ólíkt því sem gerist annars staðar á landinu. En við skulum heldur ekki lifa okkur of mikið inn í þann mun, eins og manni virðist vera tilhneiging til að gera um þessar mundir. Reykjavík er ekki heimsborg heldur safn þorpa. Flestir Reykvikingar hafa tengsl við aðra staði á landinu. Reykjavík á sitt frjálsræði þar sem börnin mega ólmast úti og sín skíðasvæði, sína hestamennsku og sínar bensinstöðvar, rétt eins og aðrir bæir; hún á sitt fásinni og sína einsemd rétt eins og aðrir bæir; sitt skítaveður og sinn gráma; sínar bílskurshljómsveitir og sitt bryggjudorg, rétt eins og aðrir bæir. Það er vissulega fleira fólk í Reykjavík en í öðrum bæjum en á góðviðrisdegi er samt meiri borgarbragur á göngugötunni á Akureyri en í Austurstræti.

Ef við höfum á annað borð áhuga á að halda saman íslensku ríki þar sem búi eitt hvert mengi sem kenna má við íslenska þjóð er þessi pólarvæðing varasöm. Hún hentar óprúttum pólitískum sem vilja láta sem svo að þeir gæti hagsmuna síns kjördæmis af harðfylgi, með því að veita þangað opinberu fé. En þeir leiðréttu ekki það sem skiptir máli. Aðförin að lífsafkomu fólks í dreifðum byggðum landsins er ekki fólgin í því að opinberar stofnanir séu staðsettar í höfuðborginni þar

Vond töf

STJÓRNARSKRÁ

Lýður Árnason
læknir og vaktstjóri
Lýðræðisvaktarinnar

Sjálfur er Sigmundur Davíð aðkomumaður að sunnan. Og vill nú vera velgjörðarmaður að sunnan. Hann sálðr silfrinu úr opinberum sjóðum í þetta kjördæmi og hyggst nú skikka sjötíu manna vinnustað til að flytja norður, með manni og mús.

sem stjórnsýslan er, heldur hinu að sjávarbyggðirnar hafa sumar hverjar misst réttinn til þess að sækja lífsbjörgina sem er að finna í hafinu allt í kring. Það er stóra málið fyrir „landsbyggðina“, ekki hitt að láta velgjörðarmenn mylgra í sig smáræði samkvæmt smáskammtalækningum stjórnarflokkanna, sem styðja með ráðum og dáð það fyrirkomulag að óveiddur fiskurinn í sjónum sé í eigu örfárra kvótáfursta sem fá að ráðskast að vild með fjöregg byggðanna.

Deim hentar að benda á Reykjavík sem keppinaut „landsbyggðarinnar“ en við eigum ekki að hlusta á þetta latteþvaður í þeim. Það var vel til fundið að fá karlakórinn Heimi til að syngja á 17. júní – ekki af því að þar með væri Reykjavík hernum heldur af því að hann er partur af reykvískri menningu, rétt eins og graffið og rappið úr Vesturbænum í Reykjavík og Breiðholtinu er partur af skagfirskri menningu. Akureyri er ekki „landsbyggðin“, alls staðar sniðgengin, heldur ríkt samfélag sem allra síst þarf á velgjörðarmönnum að halda.

Ritstjóri Fréttablaðsins, Ólafur Stephensen, lofsamar áfangaskýrslu stjórnarskrárnefndar undir forystu Sigurðar Líndal. Segir hana góða byrjun og betri en klúður stjórnlagaráðs sem sett hafi fram illa ígrundaðar tillögur, mótsagnakenndar og innibera gríðarlega stjórnskipunarlaga óvissu. Fróðlegt væri að fá nánari útlistingu á þessu í næsta ritstjórnarpistli. Sannleikurinn er sá að stjórnlagaráð átti sig fljótt á því að enngildandi stjórnarskrá var og er barn síns tíma. Hún fjallar að stórum hluta um forsetann, valdmörk eru óskýr og í hana vantar auðlinda- og umhverfisákvæði. Með frábært undirbúningsstarf stjórnlaganefndar í höndunum og áherslur þjóðfundar um jafnt atkvæðavægi, persónukjör og beint lýðræði var niðurstaða stjórnlagaráðsliða ótvírætt sú að betra væri að semja nýja stjórnarskrá en að lappa upp á þá gömlu.

Ólafur Stephensen fagnar því að breytingar á stjórnarskrá séu nú ræddar í aflokaðri, flokkspólitískri nefnd. Hann er hvorki sá fyrsti né eini því þessi háttur hefur verið á hafður allt frá fyrstu endurskoðun stjórnarskrárinnar í byrjun lýðveldistímans. Samstaða um gagngerar breytingar hefur aldrei náðst og öll þessi yfirlega engu þjónað nema til að fresta valdaafsali ráðamanna til þjóðarinnar. Nefnd Sigurðar Líndal mun ekki skipta sköpum og áfram munu frekustu dætur og synir þessa lands flíka eiginhagsmunum í skjóli lögleysu. Tillögur stjórnlagaráðs kröfðust hinsvegar nýrra leikreglna.

Ólafur Stephensen gerir lítið úr þeim fullyrðingum sumra stjórnlagaráðsmanna að hunsun þjóðar atkvæðagreiðslunnar 2012 um tillögur stjórnlagaráðs sé ígildi valdaráns. En þó skriðdeklar og byssur komi hvergi nærri liggur þjóðarvilji fyrir, tillögurnar hlutu blessun afgerandi meirihluta þeirra sem kusu að láta sig málið varða. Vissulega var þjóðar atkvæðagreiðslan ráðgefandi en hlutverk hennar skýrt: Að ljúka því ferli sem fólst í því að láta þjóðina smíða sína eigin stjórnarskrá. Að svipta þjóðina svo þessu réttfengna valdi og umsnúa niðurstöðunni hlýtur að mega kallast valdarán.

Í lok ritstjórnarpistils síns lýsir Ólafur Stephensen tillögum stjórnlagaráðs sem hrærigraut og stjórnlagabinginu sem misheppnaðri tilraun. Hafi Ólafur mætt á kjörstað í kosningunum um tillögur stjórnlagaráðs hefur atkvæði hans væntanlega fallið í samræmi við þessi orð hans. Hinir voru fleiri sem litu tillögurnar öðrum augum og kallast það lýðræði. Höfum það hugfast.

citroen.is

NÝR CITROËN C3 LÆGRA BÍLVERÐ - MINNI EYÐSLA

LÆGRA VERÐ - FRÁ 2.250.000 KR.

Við frumsýnum nýja biltækni á lægra verði. Hinar nýju PureTech vélar frá Citroën hafa meiri kraft, lægri eldsneytiseyðslu og 25% minni losun koltvísýringis en fyrri kynslóðir slíkra véla. Eldsneytiseyðsla Citroën C3 með nýju PureTech vélinni er aðeins 4,3 l/100 km í blönduðum akstri.

Komdu og reynsluaktu vel búnum Citroën C3.

CRÉATIVE TECHNOLOGIE



Nýir og notaðir bílar: Söluleið er opin alla virka daga kl. 9-17.

Brimborg Reykjavík: Bildshöfða 8, sími 515 7040 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050



Sótt að dómurum

Nú í júnímán- uði hafa birst fréttir af tveimur kærnum á hendur dómurum við Hæstarétt, annar þeirra er skipaður dómari en hinn settur. Hvort tveggja málin tengjast úrskurðum um húsleitir og/ eða símhlerun.

Kæran á hendur hinum skipaða dómara fyrir að falska úrskurð um símhlerun beindist einnig að Sérstökum saksóknara og ef til vill fleirum. Það mál mun hafa verið afgreitt af Ríkissaksóknara, þangað sem kærinni var beint, og ekki talin efni til aðgerða. Síðara málið gegn settum dómara varðar rösklega tveggja ára gamlan úrskurð um húsleit og virðist dómariinn, sem þá var við Héraðsdóm Reykjavíkur, vera kærður fyrir hegningarlögabrot fyrir að hafa kveðið upp rangan úrskurð!

Á meðal lögmanna, og raunar annarra lögfræðinga, þar á meðal dómara, er það mjög algeng skoðun að lagareglur um úrskurð um húsleitir og símhleranir og aðrar rannsóknaraðgerðir sem ganga mjög nærri persónufrelsi fólks, séu verulega gallaðar og reglurnar sjálfar og framkvæmdin þarfnist mikilla endurbóta. Þeirrar skoðunar var meðal annars Róbert Spanó, þegar hann var ritstjóri Tímarits lögfræðinga, en hann hefur nú tekið sæti í Mannréttindadómstóli Evrópu. Helstu gallarnir við meðferð slíkra mála eru að þar hefur ákæru-

DÓMSMÁL



Jakob R. Möller og Sigurmar K. Albertsson

hæstaréttarlögmenn og fyrrverandi formenn Lögmannafélags Íslands



eða rannsóknarvald eitt aðgang að dómstóli, en sá sem húsleit eða hlerun á að sæta fréttir ekkert fyrr en eftir á. Er því enn brýnna en endranær að dómara vandi til verka sinna.

Margir lögmenn sem hafa verið í samskiptum við embætti Sérstaks saksóknara eru mjög gagnrýnir á stjórnsýslu, stjórnun og vinnulag þar á bæ. Hefur enda komið fram í dómi nú nýlega, það sem fjölmargir lögmenn vissu af reynslu, að hjá embættinu var brotið alvarlega gegn réttindum sakaðra manna í samskiptum við lögmenn sína. Um afsakanir og útskýringar á brotum er kurteislegast að segja að þær hafi verið klaufalegar. Rómverjar spurðu til forna: *Quis custodiet ipsos custodes*, sem eiginlega þýðir: Hverjir verja okkur fyrir varðmönnum? Þegar lögreglu og ákærvaldi er falið mikið vald til afskipta af almennum borgurum, er einstaklega mikilvægt að því sé beitt í samræmi við lög, lýðræðishefðir og í hófi. Á það hefur greinilega skort hjá embætti Sérstaks saksóknara.

Lögmenn og dómara eru hvorir tveggja þjónar réttarins. Bæði lögmenn og dómara verða að sjálfsgöðu að hlíta lögum í störfum sínum, en það er ekki nóg. Samfélag okkar sýpur enn seyðið af framferðum manna sem litu þannig á að ef þeir gætu, mættu þeir. Þeir sem vilja sam-

félagsskipan feiga ráðast einna fyrst að réttarkerfinu. Dómara eru ekki friðhelgir, brjóti þeir lög verða þeir að taka afleiðingunum. Þá tæki þó fyrst steininn úr ef krafist yrði lögreglurannsóknar í hvert sinn sem sakaður maður eða málsaðili í einkamáli teldi dóm eða úrskurð rangan.

Áratugum saman hefur fyrsta grein síðareglna íslenskra lögmanna hljóðað sem hér segir:

„Lögmanni ber að efla rétt og hrinda órétti. Skal lögmaður svo til allra mála leggja, sem hann veit sannast eftir lögum og sinni samvisku.“

Vafalaust hefur þorri lögmanna heiðrað þessa reglu í störfum sínum af fullri alvöru og hafi út af brugðið hafa hinir brotlegu að minnsta kosti fundið fyrir því í samskiptum við aðra lögmenn. Lögmenn hafa einnig virt þær reglur sem fram koma í 19. gr. síðareglna en greinin er í III. kafla, þar sem fjallað er um samskipti lögmanna við dómstóla:

„19. gr. Lögmaður skal sýna dómstólum fulla tillitssemi og virðingu í ræðu, riti og framkomu. Lögmaður skal eftir sem áður gæta hagsmuna skjólstæðings síns fyrir dómi af fullri einurð og heiðarleika og án tillits til eigin hagsmuna eða hagsmuna annarra.“

Því er til þessara reglna vitnað að ýmsir lögmenn virðast nú hafa ruglast í ríminu og telja að dómara í héraði eða Hæstarétti séu andstæðingar þeirra og megi beita hverjum ráðum sem vill til þess að koma á þá höggi. Þeir sem þannig haga sér vita sem er að dómara geta ekki borið hönd fyrir höfuð sér í fjölmöldum.

Borgarastríðið í Sýrlandi: Ógn á heimsvísu

Enn syrtir í álinn í Sýrlandi og blóðugt borgarastríðið í landinu teygir nú anga sína út fyrir landamærin. Hætt er við að sú hugsun sé að skjóta rötum að lítið sé hægt að gera annað en að selja stríðandi fylkingum vopn og horfa á þær brytja hvor aðra niður. Alþjóðasamfélagið má ekki snúa baki við sýrlensku þjóðinni og láta þennan heimshluta verða endalausri grimmd og vargöld að bráð.

Tala látinna er líklega komin vel yfir 150 þúsund. Körlum, konum og jafnvel börnum er hrúgað inn í fangelsi og frumstæðar dýflissur sem eru að springa utan af þeim. Aftökur og hroðalegar pyntingar eru algengar. Fólk deyr einnig úr hungri og smitsjúkdómum sem voru fátíðir þar til fyrir skemmstu. Miðborgir hafa verið lagðar í rúst og sama máli gegnir um sumt af því merkasta sem mannkynið hefur skapað á sviði húsagerðarlistar og menningar. Sýrland er í vaxandi mæli hrunið ríki.

Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt hart að sér að takast á við hinar djúpu rætur átakanna og skelfilegar afleiðingar þeirra. Mannúðaraðstoð okkar og önnur viðleitni bjargar mannlífum og dregur úr þjáningum. En okkur hefur ekki tekist að ná aðalmarkmiði okkar, að binda enda á ófriðinn. Þær litlu friðarvonir, sem voru til staðar, hafa fuðrað upp á báli ofbeldis og flokkadráttu trúarhópa í Írak. Nú er hætt á að tvö en ekki eitt meiriháttar ríki sundrist.

Eftirfarandi sex atriði geta vísað veginn til framtíðar:

Í fyrsta lagi verður að binda enda á ofbeldið. Það er ábyrgðarlaust af erlendum öflum að veita áframhaldandi hernaðaraðstoð til aðila sem fremja óhæfuverk og brjóta bæði grundvallarsjónarmið mannréttinda og alþjóðalög. Ég hef hvatt Öryggisráðið til að koma á vopnasölubanni. Deiluaðilar verða að setjast niður hvorir andspænis öðrum við samningaborðið. Hve margir þurfa að deyja áður en það gerist?

Í öðru lagi verður að vernda almenning. Sameinuðu þjóðirnar halda áfram að veita og stjórna mannúðaraðstoð. En ríkisstjórnin heldur áfram að setja blygðunarlausar skorður við aðstoð. Dæmi eru um að lyf séu fjarlægð þegar neyðaraðstoð er send í bílalestunum. Heilu samfélögin eru svelt til að refska þeim fyrir fylgispekt við stjórnarandstöðuna. Sumir hópar uppreisnarmanna hafa einnig gert sig seka um að beita hungurvopnum. Að auki hefur alþjóðasamfélagið aðeins lagt fram þriðjung af því sem til þarf til að hjálpa nauðstöddum. Ég hvet enn til að umsátri verði aflétt og mannúðaraðstoð sé hvarvetna hleypt í gegnum víglínur og alþjóðleg landamæri.

Í þriðja lagi verður pólitískt ferli að hefjast af alvöru. Stríðandi fylkingar komu kerfisbundið í veg fyrir að þrotlaus friðarviðleitni tveggja af hæfustu stjórnararindrekum heims, Kofis Annan og Lakhðars Brahimi, skilaði árangri. Forsetakosningar fyrr í þessum mánuði voru enn eitt áfallið en þær fullnægðu ekki einu sinni einföldustu skilyrðum fyrir því að atkvæðagreiðsla geti talist trúverðug. Senn mun ég skipa nýjan sérstakan erindreka til að leita pólitískrar lausnar og umskipta í átt til nýs Sýrlands. Ríki í þessum heimshluta bera sértaka ábyrgð og ber að hjálpa til við að binda enda á stríðið. Ég lýsi ánægju með nýleg samskipti Írans og Sádi-Arabíu og vona að þeim auðnist að efla traust og láta af skadlegri samkeppni sem

ALPJÓÐAMÁL



Ban-Ki-moon
Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna

→ Sameinuðu þjóðirnar hafa lagt hart að sér að takast á við hinar djúpu rætur átakanna og skelfilegar afleiðingar þeirra. Mannúðaraðstoð okkar og önnur viðleitni bjargar mannlífum og dregur úr þjáningum.

hefur haft alvarlegar afleiðingar í Sýrlandi, Írak, Líbanon og víðar. Hópar innan raða borgaralegs samfélags í Sýrlandi hafa af miklu hugrekki reynt að halda samfélaginu í einu lagi og haldið opnum samskiptaleiðum og sýnt innbyrðis samstöðu.

Í fjórða lagi þarf að tryggja að hinir seku séu látnir sæta ábyrgð fyrir alvarlega glæpi. Í síðasta mánuði tókst ekki að tryggja samþykki ályktunar um að veita Alþjóðlaglæpadómstólum umboð til að fjalla um átökin. Ég hvet þau ríki, sem stóðu í veginum fyrir samþykktinni en segjast engu að síður vilja að sekir séu dregnir til ábyrgðar, til að stinga upp á trúverðugum valkosti við Alþjóðlaglæpadómstólinn. Sýrlenska þjóðin á réttlæti skilið og grípa þarf til aðgerða gegn refsileysi.

Í fimmta lagi ber að ljúka eyðingu efnavopna í Sýrlandi. Sameinuðu þjóðirnar og Samtökin um bann við efnavopnum hafa unnið saman við að eyða öllum efnavopnum sem tilkynnt hefur verið um eða fjarlægja þau frá landinu. Mörg aðildarríki hafa veitt bráðnaudsynlega aðstoð og stuðning við þetta erfiða verk á styrjaldarsvæði.

Í sjötta lagi þarf að taka með í reikninginn allan þennan heimshluta, þar á meðal þá ógn sem stafar af öfgamönnum. Erlendir vígamenn berjast með báðum aðilum og virka sem olía og eld ofbeldis og gagnkvæms haturs trúarhópa. Við ættum hvorki að fallast fyrirvarlaust á málflutning Sýrlandsstjórnar sem útmálar alla andstæðinga sína sem hryðjuverkamenn, né að líta fram hjá raunverulegri hættu á hryðjuverkum í Sýrlandi. Binda verður enda á fjármögnun og annan stuðning í heiminum við Jabhat al-Nusra, Íslamska ríkið Írak og al-Sham. Öllum samfélögum í Írak stafar einnig hættu af ISIS; það skiptir sköpum ef allir leiðtogar heimshlutans, jafnt pólitískir sem trúarlegir, hvetja til stillingar til að koma í veg fyrir hrinu árása og gagnárása.

Á þessari stundu er sú bábilja að hernaðarsigur geti unnist, stærsti Þrándur í götu þess að bundinn sé endi á stríðið í Sýrlandi. Ég vísa á bug þeirri túlkun atburða að ríkisstjórn Sýrlands sé „að vinna“. Það er ekki sigur að leggja undir sig landsvæði með því að beita loftárásum á þéttbýl svæði byggð óbreyttum borgurum. Það er ekki sigur að svelta samfélög, sem fangelsuð eru í herkví, til uppjafar. Jafnvel þótt annar styrjaldaraðilinn kunni að hafa yfirhöndina til skamms tíma lítið, hefur hrikalegt mannfalið sáð fræjum komandi ófriðar.

Stórhættulegt sundurlyndi trúarhópa, gríðarlegur flóttamannastraumur, dagleg myrkraverki og óstöðugleiki sem breiðist út valda því að borgarastríðið í Sýrlandi er orðið ógn á heimsvísu. Öll þau gildi sem við stöndum fyrir og sjálf ástæðan fyrir tilvist Sameinuðu þjóðanna er í veði í þeirri gerðingu sem Sýrland hefur orðið að bráð. Það er löngu kominn tími til að alþjóðasamfélagið, og þá sérstaklega Öryggisráðið, axli ábyrgð sína.

FUNDUR UM DANSKA HÚSNÆÐISKERFIÐ

HVERNIG Á AÐ FJÁRMAGNA HÚSNÆÐISKERFIÐ? ER DANSKA LEIÐIN SÚ RÉTTA?

Verkefnastjórn á vegum félagsmálaráðherra um framtíðarskipan húsnæðismála leggur til innleiðingu kerfis í líkingu við danska húsnæðislánakerfið hér á landi.

Dansk-íslenska viðskiptaráðið boðar til fundar með dönskum sérfræðingum til að kynna danska húsnæðislánakerfið og hugsanlega innleiðingu þess hér á landi.

Á fundinum tala Eygló Harðardóttir ráðherra húsnæðismála, Jesper Rangvid prófessor við CBS og formaður nefndar danska ríkisins um orsakir og afleiðingar fjármálakreppunnar í DK og Jesper Berg forstjóri við Nykredit, sem er stærsta lánafyrirtæki á húsnæðislánamarkaði í Danmörku.



Eygló Harðardóttir
félags og húsnæðismálaráðherra



A heavenly match or recent developments in mortgage finance in the EU
Jesper Berg
forstjóri Nykredit



The Danish mortgage system: Advantages, challenges, and lessons learned
Jesper Rangvid
prófessor í fjármálafræði CBS



Are specialise lenders for housing really the optimal structural arrangement?
Yngvi Örn Kristinsson
Hagfræðingur SFF

► GRAND HÓTEL / 1. JÚLÍ 2014

Klukkan: 8.15-10.15
Verð: 3.400 kr.
Fundarmál: Enska/english
Skráning: www.dansk-islenska.is



Fundarstjóri
SVERRIR SVERRISSON
formaður DÍV



20%
afsláttur af
hágæða **AEG**
eldhústækjum
með kaupum á HTH
eldhúsinnréttingum



INNRETTINGAR



Það er alt hægt!

- ⊙ eldhúsinnréttingar
- ⊙ baðinnréttingar
- ⊙ þvottahúsinnréttingar
- ⊙ fataskápar

HTH er einn stærsti framleiðandi innréttinga í Evrópu, enda er dönsk hönnun mikils metin og danskt handverk eftirsótt um allan heim.

Við teiknum tillögur að nýju draumaeldhúsi fyrir þig, án skuldbindinga, og gerum þér frábært verðtilboð.

Velkomin í ORMSSON LÁGMÚLA 8 og kynnist því nýjasta í innréttingum frá HTH – og því heitasta í AEG eldhústækjum.



ORMSSON

Opið:

Mánudaga – föstudaga frá kl. 10-18

Ath: Á Akureyri er HTH sýningarsalur í ORMSSON, Furuvöllum 5

LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · 2. HÆÐ · SÍMI: 530-2819 & 530-2821 · www.ormsson.is

MERKISATBURÐIR

- 1232** Antoníus frá Padúa, verndardýrlingur týndra hluta, er tekinn í heilagra manna tölu.
- 1564** Stóridómur samþykktur á Alþingi.
- 1579** Í Bæ á Rauðasandi er mannrán framið er erlendir hvalveiðimenn ræna Eggerti Hannessyni sýslumanni og heimta fyrir hann lausnargjald.
- 1594** Morðbréfamálið: Fjögur bréf sem hermdu morð upp á Jón Sigmundsson lögmann eru dæmd fölsuð á Alþingi.
- 1742** Sunnefumál: Hans Wium sýslumaður dæmir systkinin Sunnefu Jónsdóttur og Jón Jónsson Sunnefubróður til dauða fyrir sífjaspell.
- 1856** Jerome Napóleon prins, bróðursonur Napóleons Frakkakeisara, kemur til Íslands á herskipi með fylgdarliði.
- 1862** Eldgos hefst vestan Vatnajökuls og stendur í tvö ár. Eldstöðin heitir Toppíggar og hraunið sem rann heitir Tröllahraun.
- 1874** Skólapiiltar Lærða skólans mótmæla latneskum stílum með því að halda brennu vestur á Melum.
- 1910** Laufey Valdimarsdóttir verður fyrst íslenskra kvenna til að ljúka stúdentsprófi frá Lærða skólunum í Reykjavík.
- 1934** Nótt hinna löngu hnífa í Pýskalandi. Blóðugar hreinsanir innan nasistaflokksins.
- 1968** Kristján Eldjárn er kjörinn forseti Íslands.
- 1990** Kvinnahlaup ÍSÍ haldið í fyrsta sinn og er hlaupið á sex stöðum.
- 1994** Kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, Bíódagur, er frumsýnd.
- 2005** Spánn heimil-ar hjónabönd samkynhneigðra.



PETTA GERÐIST 30. JÚNÍ 1952

Leiðarljós byrjar í sjónvarpi

Sápuóperan Leiðarljós eða „Guiding Light“ er Íslendingum að góðu kunn. Vanessa Chamberlain, Billy Lewis, Reva Shayne og Ross Marler eru þekkt nöfn í hugum margra. Samkvæmt Heimsmetabók Guinness er Leiðarljós sú sápuópera sem var lengst í framleiðslu og er lífseigasti dramapáttur sjónvarpsögunnar. Leiðarljós gerist í Springfield í Bandaríkjunum. Í þáttunum er fjallað um ástir, hat, átök og sættir á milli fjölskyldna og vina. Höfundur Leiðarljóss er Irna Phillips og byggði hún þættina á eigin lífsreynslu.

Leiðarljós byrjaði sem útvarpsþáttaröð árið 1937 áður en hún færðist yfir í sjón-

varpið 30. júní 1952. Titillinn „Guiding Light“ á nafn sitt að rekja til lampa í lesstofu dr. John Ruthledge sem var ein af aðalpersónunum í þáttaröðinni þegar hún hóf göngu sína árið 1937.

Leiðarljós var einstaklega vinsæl sápuópera og hefur unnið til fjölda verðlauna á sínum langa ferli. Þættirnir voru á dagskrá RÚV frá árinu 1995 til 2012 og átti tryggan hóp áhorfenda enda voru sýndir rúmlega 4.200 þættir allt í allt hérlendis.

Leiðarljós er sú leikna þáttaröð sem hefur verið sýnd lengst í sjónvarpi í heiminum, eða í 57 ár, en áhorf fór dvinandi á nýju áhrpúsundi og árið 2012 var framleiðslunni hætt.



KYNNNA MENNINGUNA Meðal þeirra stofnana sem staldrað er við er tónlistarhúsið Harpa.



+

Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma,

RAGNHILDUR HELGADÓTTIR

lést 14. júní á dvalarheimilinu Grund. Útför hennar verður gerð frá Neskirkju við Hagatorg mánudaginn 30. júní kl. 15.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþökuð.

Helgi B. Thoroddsen
Sigrún B. Bergmundsdóttir
Bergmundur Bolli og Jóhannes



+

Eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,

STEFANÍA INGIBJÖRG PÉTURSDÓTTIR

lést fimmtudaginn 26. júní á líknardeild Landspítalans í Kópavogi.

Páll Bragi Kristjánsson
Jórunn Pálsdóttir
Þórður Pálsson
Rakel Pálsdóttir
Kristján L. Loðmfjörð Pálsson
og barnabörn.

Þórarinn Stefánsson
Kristín Markúsdóttir
Óskar Sigurðsson
Tinna Guðmundsdóttir



LEGSTEINAR

MIKIÐ ÚRVAL AF FYLGIHLUTUM

VÖNDUÐ VINNA

Steinsmiðjan Mosaik

Stofnað 1952 Hamarshöfði 4 - sími 587-1960 - www.mosaik.is



Nýtt á heimsvísu

VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði 555-3888

Menningarstofnanir borgarinnar kynntar

Menningarlífið í miðborginni verður kynnt á íslensku, ensku, pólsku, víetnömsku, arabísku og frönsku í kvöldgöngu sem nýr borgarstjóri, Dagur B. Eggertsson, leiðir.

„Við köllum þetta Reykjavík Safari, sem er árleg ganga þar sem gengið er um miðbæinn og menningarstofnanir Reykjavíkurborgar kynntar á ýmsum tungumálum,“ segir Bergsveinn Þórsón, verkefnastjóri hjá Borgarsögusafni Reykjavíkur, spurður um menningar-gönguna sem fram fer á fimmtudagskvöldið, 3. júlí. „Við erum að reyna að ná til íbúa höfuðborgarsvæðisins af erlendum uppruna og kynna þeim hvað stendur til boða hjá þessum stofnunum. Við komum við á Listasafni Reykjavíkur, Landnámssýningunni, göngum um Lækjargötuna og stoppum hjá Stjórnarráðinu, það er komið við hjá Hörpu og talað um hana. Það er sem sagt bæði verið að segja frá sögulegum húsum og stöðum og svo þessum menningarstofnunum.“

Gangan skiptist í sex hópa eftir tungumálum og í ár fara kynning-

arnar fram á íslensku, ensku, pólsku, arabísku, víetnömsku og frönsku. „Við reynum að breyta því hvaða tungumál eru í boði á hverju ári og í ár bjóðum við til dæmis í fyrsta skipti upp á kynningu á arabísku,“ segir Bergsveinn. „Gangan hefst við Grófarhús, aðalsafn Borgarbókasafnsins, Tryggvagötu 15 klukkan 20. Dagur B. Eggertsson borgarstjóri mun að þessu sinni leiða Reykjavík Safari af stað. Það leggja sem sagt allir af stað í einu en síðan skiptist hópurinn upp eftir tungumálum og sameinast síðan við Grófarhúsið eftir um það bil klukkustund. Þar verður boðið upp á hressingu og skemmtun frá Sirkus Íslands. Fimleikadúett

leikur listir sínar og býður þeim sem þora að taka þátt.“

Þetta er sjöunda sumarið sem boðið er upp á göngur af þessu tagi en þær eru hluti af kvöldgöngudagskrá menningarstofnana Reykjavíkurborgar undir heitinu Kvöldgöngur. Bergsveinn segir þáttökuna yfirleitt hafa verið góða og almenna ánægju hafa ríkt með framtakið. Að þessari göngu standa Borgarbókasafn, Listasafn og Borgarsögusafn Reykjavíkur svo og Reykjavík – Bókmenntaborg UNESCO.

fridrikab@frettabladid.is

BORGARSTJÓRINN LEIÐIR Dagur B. Eggertsson borgarstjóri mun leiða gönguna fyrsta spölinn.



ÚTFARARSTOFA KIRKJUGARÐANNA

Þegar andlát ber að höndum önnumst við alla þætti þjónustunnar með virðingu og umhyggju að leiðarljósi

Við þjónum allan sólarhringinn
Vesturhlíð 2 - Fossvogi - Sími: 551 1266 - www.utfor.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2013



FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



HJÓLAÐ UM VIÐEY

Fjallahjólaklúbburinn verður með hjólakvöld í Viðey annað kvöld kl. 19.30. Leiðsögumaður verður með fróðleik um sögu Viðeyjar, húsin og minjar. Hjólaleiðin er auðveld og hentar því fólki á öllum aldri. Gestir koma með eigin hjól. Ferjuferðir eru frá Skarfabakka kl. 18.15 og 19.15.

GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



www.weber.is



FRÁBÆRT

„Við Ísabella mælum eindregið með því að nota Magnesíum Original. Þetta sprej er bara snilld!“

FYRIR LITLA, ÞREYTTA FÓTBOLTAFAÆTUR

GENGUR VEL KYNNIR Magnesíum Original-sprej sem virkar hefur einstaklega vel bæði fyrir börn og fullorðna, fyrir og eftir æfingar til að lina þreytuverki, krampa og strengi.

Fram undan eru ýmis fótboldamót og önnur íþróttamót barna þar sem ótal litlir þreyttir fætur mætast. Ef þú átt barn í fótbolta, frjálsum íþróttum, fimleikum eða öðrum íþróttum sem kvartar yfir þreytuverkjum eftir æfingar þá er Magnesíum Original-spreyið eitthvað fyrir þig. Mörg börn æfa af kappi og getur það valdið miklum þreytuverkjum, harðsperrum og krömpum. Magnesíum Original-spreyið hefur reynst einstaklega vel til að lina þessa verki eftir íþróttæfingar.

KRAFTAVERKASPREY
Ólöf Mjöll Ellertsdóttir er móðir Ísabellu sem æft hefur klassískan ballett í mörg ár:

„Við Ísabella viljum deila með ykkur reynslu okkar af magnesíumspreyi sem á okkar heimili er kallað „kraftaverkaspreyið“. Ísabella hefur æft klassískan ballett í mörg ár og með auknum árafjölda koma fleiri og lengri æfingar. Síðasta haust fór hún að

finna mikið fyrir þreytu og álagi, og þá sérstaklega í fótum. Ég hafði heyrt mikið talað um magnesíum og kosti þess og því ákvað ég að prófa. Niðurstaðan varð sú að ég keypti Magnesíum Original-spreyið frá Better You til að athuga hvort það gæti gagnast Ísabellu og hún fann strax mun. Við notuðum spreyið eftir kvöldmat á fæturna í vetur og sprejjuðum bara á þá staði þar sem

hún kvartaði mest hverju sinni. Daginn eftir var hún nær alltaf góð. Núna erum við löngu hættar að spá í hvað álagseinkenni, þreyta, strengir eða vaxtarverkir eru, við notum bara spreyið og það gagnast okkur einstaklega vel. Þetta Magnesíum Original-sprej er bara snilld.“

SÖLU-STAÐIR

Útsölustaðir:
Fjarðarkaup,
Lyfja, Lyf og
Heilsa, Hagkaup,
Heilsuhúsið,
Lifandi markaður,
Garðsapótek,
Krónan, Tri,
Systrasamlagið, Þín
verslun Seljabraut,
Crossfit Reykjavík,
Lyfjaver/Heilsuver
og fleiri staðir.
Nánari upplýsingar
á www.gengurvel.is.



FRÁBÆRT
Ólöf segir að Magnesíum Original-sprej gagnist frábærlega vel.
MYND/DANIEL

Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

GERÐU GÆÐA - OG VERÐSAMANBURÐ

Loksins alvöru svefnsófar



Svefnsófi Cube 90 Deluxe
Stærð svefnflatar 90x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
149.900



Svefnsófi Cube 140 Deluxe
Stærð svefnflatar 140x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.
199.900




Svefnsófi Supramax Deluxe

Stærð svefnflatar 155x200 cm
Litir: Ljóst / dökkt
Verð aðeins kr.

249.900

12 mán. vaxtalausar greiðslur - 3.5% lántökugjald



18 cm
poka-
gormakerfi
Komdu og
prófaðu!

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

www.svefn.is

Umboðsaðilar: Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði | Lúxus húsgögn - Egilsstöðum



HITA KÚTAR
Amerísk gæða framleiðsla
30-450 lítrar
Umboðsmenn um land allt
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
Sími 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
Bryndis Hauksdóttir, bryndis@365.is, s. 512 5434
Kolbeinn Kolbeinsson, kolli@365.is, s. 512 5447



GEFÐU HÆNU
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar



White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél 12 kg þurrkari
Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.
<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn Afkastamikill þurrkari >
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
Sími 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS



NÝ SENDING AF SÓFASETTUM
Teg. Giulia 3-1-1 og 3-2-1 leður.
NYFORM
HÚSGAGNAVERSLUN
Reykjavíkurveg 66 220 Hafnarfirði sími 565 4100



GRAM HEIMILISTÆKJADAGAR Í FÖNIX
20% AFSLÁTTUR
fonix.is · Hátúni 6a · 105 Reykjavík · S. 552 4420



ANNA ÞÓRUNN
Anna keyrir daglega fram hjá höfninni í Hafnarfirði og sótti innblástur þangað við hönnun lampans.
MYND/ANNA ÞÓRUNN

KLÝFUR ÖLDURNAR

ÍSLENSK HÖNNUN Vöruhönnuðurinn Anna Þórunn Hauksdóttir kynnti nýjan borðlampa á liðnum HönnunarMars, Kol 305. Togaraútgerð í Hafnarfirði var innblásturinn að baki lampanum.

Ég flutti í blessaðan Hafnarfjörðinn fyrir tveimur árum og keyri nánast daglega meðfram sjónum og höfninni. Þegar ég ákvað að hanna lampa sótti ég innblástur þangað," segir Anna Þórunn Hauksdóttir vöruhönnuður en hún kynnti á liðnum HönnunarMars borðlampann Kol 305.

Lampinn er úr málm og krossvið og segir Anna takmarkað efnisval á Íslandi hafa haft sitt að segja í hönnunarferlinu.

„Það verður að horfa í úr hvaða efnum hægt er að framleiða hér á landi og þar liggur málmur beinast við. Ég fór því að skoða skipin og togarana og öll samskeyti á lampanum eru gróf, líkt og á skipum. Skermurinn er hallandi, eins og skip að

kljúfa öldurnar. Togarar höfðu í raun aldrei höfðað til mín en eftir rannsóknarferlið finnst mér þeir svo fallegir. Mig dauðlangaði bara út á sjó en það varð þó ekki af því," segir Anna Þórunn hlæjandi.

Lampinn lýsir bæði niður og upp í gegnum gat á lokinu og einnig er hægt að taka lokið af skerminum. Á döfinni er að útfæra lokið og litla „akkerið“ á lampafætinum úr marmara. Akkerið hefur það hlutverk að halda utan um snúruna og eignar Anna manninum sínum þá útfærslu.

„Hann var orðinn svo þreyttur á hvað langt var í rofan á náttlampanum að hann var farinn að vefja snúrunni utan um fótinn á lampanum.

Mér fannst það ekkert sérstak-

lega smart og fór að velta fyrir mér hvernig hægt væri að leysa málið. Þannig varð hringurinn til, hann vísar í landfestar og í akkeri," útskýrir Anna. Maðurinn hennar á heiðurinn af fleiru en Anna segir ýmislegt hafa verið á hann lagt við hönnun og smíði lampans. „Hann skar sig illa á fæti á stálprufum sem ég hafði lagt á gólfið þegar við vorum að spekulera í samsetningum og þurfti að sauma fimmtán spor. Nafn lampans er því tileinkað honum en maðurinn minn er Ítali og Kolor þýðir maður sem er dökkur yfirlitum. 305 er svo afmælisdagurinn hans," útskýrir Anna.

Nánar má forvitnast um hönnun Önnu Þórunnar á www.annathorunn.is.

■ heida@365.is



LANDFESTAR Lítið akkeri á lampafætinum heldur utan um snúruna.



LÝSING Lampinn lýsir bæði niður og upp í gegnum lokið á skerminum. Til stendur að útfæra lampann frekar í marmara.



KOLUR 305 Borðlampinn kynnti Anna Þórunn á liðnum HönnunarMars í Epal. Myndir/Anna Þórunn

Jaxon vöðlur

Líklega bestu vöðlurnar fyrir peninginn. 4 og 5 laga vöðlur, engir saumar á innannverðum skálmum vasi, belti og poki fylgja.



Fullt verð 34.900 kr
Tilboð 24.900 kr

Snowbee U bátur

Snowbee U bátur, þriggja hólfa

Fullt verð 27.900 kr

Tilboð 19.900 kr.



Barnavöðlur

Frábært á smáfólkið.

Allir út að busla, veiða eða bara vera út í rigningunni með þurrar fætur.

Vandaðar og niðsterkar vöðlur Fást í bleiku, grænu, bláu og mosagrænu.

St. 21 - 41

Verð 9.900 kr



Flugustangarsett - Diskabremsuhjól - Línur

Flugustangarsett frá Jaxon.

Monolith er nýjasta stöngin frá Jaxon. Lína 4-5-6-7- eða 8.



Gott diskabremsuhjól, lína að eigin vali og góður hólkur.

Fullt verð 38.900 kr

Tilboð 29.900 kr.

Veiðikassar

Þessi rúmar mikð af dóti, st. 49x28x28 cm. 4-5 kasthjól komast leikandi fyrir 2 skúffur. Allt á einum stað í stórum og góðum kassa.

Fullt verð 9.900 kr

Tilboð 5.900 kr.



Polaroid Veiðigleraugu

Polaroid gleraugu í miklu úrvali verð frá **2.990 kr.**



Flökunarhnífar

Gott úrval af flottum flökunarhnífum frá **1.990 kr.**

Komdu með gamla hnífinn og við brýnum hann fyrir þig og hann verður sem nýr fyrir **750 kr.**



Stangarhaldarar

Þessir hafa sannað sig í gegnum árin



Fullt verð 9.900 kr

Tilboð 7.900 kr

Strandveiðiset

Jaxon 15 feta stöng, 6 legu stórt hjól, 250m af 100 punda ofurlínu, taumar, sökkur, beituteygja, beita og nælur fylgja. Fullt verð 43.390 kr .

Tilboð 34.900 kr.

Okkar lang besta strandveiðiset !



Ódýrt byrjenda strandveiðiset Jaxon 15 feta stöng, 6 legu hjól, 250 metrar af 35 punda línu, taumar, sökkur og nælur . Fullt verð 23.800 kr

Tilboð 19.900 kr.



Jaxon byrjenda flugustangarpakki

Stöng, lína, hjól, 10 flugur, taumur, derhúfa og polaroid veiðigleraugu.

Frábært verð **19.900 kr**



Rapala mittisvöðlur

Frábærar mittisvöðlur frá Rapala Styrkingar á hnjám poki fylgir.

Fullt verð 34.900 kr

Tilboð 29.900 kr



Makríslóðar

Mikið úrval af makríslóðum

Verð frá 495 kr.



Veiðihjól




Jaxon Dolphin Strandveiðihjól ódýrasta stóra strandveiðihjólið okkar. 3 Legur auka spóla. Tekur 250 metra af 0,40mm línu. **Verð 5.990 kr**



Stórt og öflugt strandveiðihjól með 6 legum og auka spólu. Fæst í tveimur stærðum 650 og 750 sem tekur um 300 metra af 0.40 línu. **Verð 8.950 kr**



Nýtt strandveiðihjól frá Jaxon. 6 legur, 2 spólur sem taka mis mikið magn af línu og eru sér hannaðar til að köstin verði sem lengst, rústfríar legur. Tekur um 300 metra af 0.40mm línu **Verð 15.900 kr**



Jaxon Marion er ódýrt en gott 3 legu hjól frá Jaxon fæst í tveimur stærðum **Verð 3.590 kr**



VEIÐIKORTIÐ
2014

Eitt kort
36 vötn
6.900 kr

www.veidikortid.is

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

LEKKERT OG ELEGANT

FALLEGIR MUNIR Blómfríður er sveitakona á óræðum aldri sem elskar lífið og tilveruna. Hún opnaði á dögnum litla skrautmunasölu rétt norðan Akureyrar.

Blómfríður hefur mikinn áhuga á sauðfjárræktun, hártísku, garðyrkju og eldri og heldri munum. Rósótt þykir henni til dæmis einstaklega lekkert og elegant, því skrautlegra og eldra, því betra. Í skrautleiðöngnum sínum hefur Blómfríður kynnst mörgum skemmtilegum konum sem deila með henni þessum áhugamálum. Í kjölfarið varð Kvenfélagið til, „einfaldlega til að gleðjast, njóta og hafa það huggulegt saman“, eins og þær Kvenfélagskonur komast að orði.

Fljótlega kom í ljós að heimili kvennanna voru orðin yfirfull af gersemum, annað heimilisfólk farið að hrasa um gullmolana á ótrúlegustu stöðum og eitthvað varð til bragðs að taka. Þá varð Skrautmunasala Blómfríðar á Ytri-Brennihóli í Glæsibæjarhreppi hinum forna til. Í Kvenfélaginu eru auðvitað lista- og handverkskonur og bjóða þær einnig verk sín til sölu í Skrautmunasölunni. „Aðalverkefnið er þó umfram allt að njóta lífsins og skapa huggulega stemmingu í sveitinni. Bjóða jafnvel upp á lifandi tónlist eða hvaðeina annað sem okkur dettur í hug,“ segja Kvenfélagskonur og brosa blítt.


Upplýsingar um opnunartíma, sem eru ekki fastir, má sjá inn á Facebook-síðu Fröken Blómfríðar.



KVENFÉLAGSKONUR Kvenfélagskonurnar Ásloaug Hildur Harðardóttir og Ásraun Aðalsteinsdóttir reka skrautmunasölu Blómfríðar á Ytri-Brennihóli í Glæsibæjarhreppi hinum forna.



DÝRMÆTT Gullmolarnir leynast víða hjá Blómfríði og Kvenfélagskonunum.



SKRAUTMUNIR Margt fallegt má finna í skrautmunasölu Blómfríðar.

Vistvænar rekstrarvörur

- fyrir þig og umhverfið

Án þess að nota BIOTECH

Eftir 10 daga með BIOTECH

Eftir 30 daga með BIOTECH



Engin ólykt

Engar stíflur í klósetti

Engar stíflur í frárennislögnum

BIO TECH BIOTECH pappírinn frá Papernet er frábær nýjung sem kemur í veg fyrir ólykt á salernum, hindrar stíflur í klósettum, heldur frárennislögnum hreinum og hraðar niðurbroti í rotþróum.



Rekstrarvörur
- vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • sala@rv.is • rv.is



BLÁBERJABAKA MEÐ MÁNUDAGSKAFFINU

Til að hressa upp á mánudaginn er tilvalið að skella í þessa einfölda og gómsætu köku sem ber einmitt nafnið Mánudagskakan.



1 1/2 bolli hveiti
1/2 bolli sykur
2 1/2 tsk. lyftiduft
1 klípa af salti
1/2 bolli mjólk
1/4 bolli grænmetisóla
1 egg
2 bollar bláber

Aðferð:

1. Hitíð ofninn í 175 gráður og smyrjið form sem er um það bil 23 sentimetrar á kant.
2. Blandið hveiti, sykur, lyftiduft og salti í skál. Gerið holu í miðjuna og hellið mjólkinni þar í, oliunni og eggjum. Hrærið vel saman. Blandið bláberjunum samanvið og hellið í formið. Í minni skál blandið 1/3 bolla hveiti, 1/2 bolla sykur og 3/4 tsk. af kanil. Myljið smjórið út í og dreifið yfir deigið í forminu.
3. Bakið í ofninum í 30 til 40 mínútur eða þar til tannstöngull sem stungið er í miðjuna kemur hreinn út. Kælið.

MULNINGUR SEM FER YFIR KÖKUNA

1/3 bolli hveiti
1/2 bolli sykur
3/4 tsk. kanill
1/4 bolli smjör

BÍLRÚÐUR

MÁNUDAGUR 30. JÚNÍ 2014

Kynningarblað
Rúðuskipti, viðgerðir,
tryggingar, þjónusta og
hugmyndabílar framtíðar.


Allar gerðir af rúðum í boði

Bílrúðan er rótgróid fyrirtæki í miðbænum en þar er skipt um allar tegundir bílrúða og hægt að panta tíma með eins dags fyrirvara.

Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki,“ segir Jakob Þórarinnsson, framkvæmdastjóri Bílrúðunnar, eins elsta starfandi fyrirtækis á sviði bílrúðuskipta á Íslandi. „Við flytjum inn, skiptum um og gerum við rúður,“ segir Jakob og tekur fram að nóg sé að panta tíma hjá Bílrúðunni með eins dags fyrirvara. Skipt sé um rúðurnar samdægurs en það taki fjóra til fimm klukkutíma.

Jakob segir að þegar Bílrúðan var stofnuð árið 1972 hafi fyrirtækið smíðað rúðurnar sjálft. Síðustu tuttugu árin hafi það flutt þær inn. „Þetta voru orðnar svo stórar og flóknar rúður,“ segir Jakob en Bílrúðan flytur inn rúður frá Sant-Gobain Sekurit sem er að hans sögn „einn stærsti „orginal“ bílrúðuframleiðandinn í heiminum í dag“.

Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður. „Við erum með rúður á lager í allar bíltegundir. Svo getum við útvegað alls konar rúður með skömmum fyrirvara ef við eigum þær ekki,“ segir Jakob og bætir við að á Bílrúðunni sé einungis notað viðurkennt efni. Hann lýsir svo viðgerðum á skemmdum



Bílrúðan flytur inn bæði framrúður og afturrúður ásamt því að gera við rúður.

á rúðum: „Þegar gert er við minniháttar skemmdir á rúðunum fellur eigin áhætta niður og þá þarf eigandi ekki að borga neitt. Það er engin sjálfsábyrgð á því,“ upplýsir hann en Bílrúðan er viðurkennd af öllum tryggingafélögum.

Hverjir leita helst til ykkar? „Það eru bæði einstaklingar og fyrirtæki. Við sinnum mörgum stórum bílaumboðum og

flestum stærstu bílaleigunum,“ segir Jakob en á verkstæðinu starfar einungis menntað fagfólk. „Við leggjum mikla áherslu á það að allir séu menntaðir í því sem þeir eru að gera. Framrúðurnar eru burðarvirkid í bílnum þegar lent er í tjóni, svo þetta þarf að vera vel gert,“ segir Jakob. „Við erum líka rétttingaverkstæði og málningarverkstæði þannig að við getum gert svo

mörgu skil. Við erum alhliða rétttingaverkstæði.“ Bílrúðan er til húsa að Grettisgötu 87 í Reykjavík. „Við erum á Grettisgötunni, milli Snorrabrautar og Rauðarárstígs, alveg við Hlemm. Við erum á góðum stað og með nóg af bílastæðum.“

Nánari upplýsingar má finna á slóðinni www.bilrudan.is og í sínum 552 5780 og 552 5755.



Nóg er að panta tíma með eins dags fyrirvara hjá Bílrúðunni, að sögn Jakobs. Bílrúðan er fjörutíu ára gamalt fyrirtæki sem er við Grettisgötu í Reykjavík og nóg er af bílastæðum hjá fyrirtækinu.

BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN BÍLRÚÐAN

**Bestir í bílrúðuskiptum.
30 ára reynsla fagmanna.
3ja ára ábyrgð á allri vinnu.**

BÍLRÚÐAN

Grettisgötu 87 • 105 Reykjavík
Símar 552 5755 & 552 5780
21					

THULE[®]
SWEDEN

Ferðabox og hjólafestingar



 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | stilling.is/ferdavorur | stilling@stilling.is



FLAUTULEIKARINN Hallfríður Ólafsdóttir leikur á flautuna sína á Þingvöllum annað kvöld. með henni leikur eiginmaður hennar, Ármann Helgason klarínettuleikari. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Flauta og klarínetta í Þingvallakirkju

Hallfríður Ólafsdóttir og Ármann Helgason leika á Þriðjudagskvöldi í Þingvallakirkju annað kvöld.

Fjórðu tónleikarnir á tónlistarháttíðinni Þriðjudagskvöldi í Þingvallakirkju verða haldnir í kirkjunni annað kvöld. Þá munu hjónin Hallfríður Ólafsdóttir flautuleikari og Ármann Helgason klarínnettuleikari töfra fram tóna úr hljóðfærum sínum út í sumarnóttina í þjóðgarðinum.

Þau munu leika tónlist allt frá

barokkdönsum til frumsaminnar verka sem samin voru fyrir flytjendur kvöldsins af þeim Björgu Brjánsdóttur og Elínu Gunnlaugsdóttur.

Tónleikarnir hefjast klukkan 20 og er ókeypis inn. Gestir eru að venju beðnir um að leggja bílum sínum við Flosagjá eða á Valhallarreit og ganga til kirkju. - fsb

Dramatík og ást með Bollywood-ívafi

Nýtt lag frá kammerpopsveitinni Útidúr kemur út á næstu dögum og um svipað leyti leggur hljómsveitin í átta tónleika tónleikaferð um Þýskaland.

Kammerpopsveitin Útidúr leggur af stað í tónleikaferð um Þýskaland næstkomandi laugardag þar sem hún mun spila á átta tónleikum á tíu dögum. Þetta verður fimmti tús sveitarinnar um Þýskaland en í sjöunda sinn sem bandið stekkur út fyrir landsteinana. Á ferðalaginu kemur Útidúr fram á fjórum skemmtistaðatónleikum og fjórum tónlistarháttíðum, meðal annars í Stuttgart, Nuremberg og Hamborg. En hvað er eiginlega kammerpopp? Annar stofnandi hljómsveitarinnar, Gunnar Örn Egilsson, svarar því: „Þetta snýst eiginlega um að blanda saman klassískum hljóðfærum og poppmúsík,“ segir hann. „Við erum með fiðlu, saxófón og trompet og venjulega eru lögin okkar útsett fyrir strengi og blásturshljóðfæri. Þess vegna köllum við þetta kammerpopp. Annars finnst mér mjög erfitt að skilgreina tónlist. Ég er miklu hrifnari af því að fólk lýsi tónlist út frá þeim tilfinningum sem hún vekur.“

Sama dag og hljómsveitin leggur í hann til Þýskalands hyggst Útidúr gefa út lagið „Þín augu mig dreymir“, sem er fyrsta smáskífan af nýrri breiðskífu sem er væntanleg í haust. Lagið er hádramatískur óður til indverskrar kvikmyndatónlistar sem kennd er við Bollywood. „Á æfingum kölluðum við þetta lag Bolly, bolly, bang, gang,“ segir Gunnar Örn. „Mjög dramatískt lag um ástina undir indverskum áhrifum. Lagið er eftir Gunnar Gunnsteinsson bassaleikara, sem reyndar er ekki lengur í hljómsveitinni heldur býr í Amsterdam og er að læra þar tónsmíðar.“

Það hafa verið miklar mannabreytingar í Útidúr í gegnum tíðina en kjarninn er Gunnar Örn og Kristinn Roach Gunnarsson sem stofnuðu hljómsveitina. „Svo hefur fólk verið að koma og fara. Margir hafa farið í nám til útlanda og aðrir komið í staðinn, svo það er dálítill hreyfing á þessu hjá okkur,“ segir Gunnar Örn. Á væntanlegri breiðskífu, sem er sú þriðja frá



ÚTIDÚR Í DAG „Margir hafa farið í nám til útlanda og aðrir komið í staðinn, svo það er dálítill hreyfing á þessu hjá okkur,“ segir Gunnar Örn. MYNDI: ÚR EINKASAFNI

Útidúr, rær sveitin á dýpri mið en áður í þroskuðum lagasmíðum undir áhrifum frá spaghettívestratónlist Ennio Morricone, kvikmyndatónlist Nino Rota, evrópsku gullaldarpoppi og klassískri íslenskrri dægurtónlist.

„Þín augu mig dreymir“ er aðgengilegt á Soundcloud-síðu Útidúrs og fer í spilun á útvarpsstöðvum á næstu dögum. fridrikab@frettabladid.is

ÁVAXTASKOT SEM HITTIR Í MARK

Þú færð ljúffengu Fruit Shoot safana í 10-11. Renndu við í næstu verslun, vöruúrvalið er frábært og að sjálfsögðu tökum við vel á móti þér!





Að lifa í jafnvægi

*Holl fæða hjálpar okkur
að skapa stöðugleika
í líkamanum og lífinu.*

*Ab vörurnar stuðla
að lifandi jafnvægi.*

LIF
ANDI
JAFNVÆGI



SAMBIO.IS

TRANSFORMERS: AGE OF EXTINCTION 12

DREKANN 2 12

MALEFICENT 10

ANGELINA JOLIE OG ELLÉ FANING

ALFABAKKA

TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5-6:30-8:30-10:10 2D: 10:20

TRANSFORMERS 4 VIP 2D KL. 5-8:30

AD TEMJA DREKANN SINN KL. 3D: 4:30 2D: 3:40-5:50

MALEFICENT 2D KL. 3:40-5:50-8-10:20

BLENDED KL. 5:30-8-10:30

EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8

FJÓLSKYLDUDAGAR TILBOD 300 KR.

JÓNSI OG RIDDAREGLAN KL. 2D KL. 3:30

EGILSHÖLL

TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 6:30-8-10 2D: 4:40-9

AD TEMJA DREKANN SINN KL. 2D KL. 4:30

BLENDED KL. 5:30

MALEFICENT 2D KL. 6:50-8

EDGE OF TOMORROW 2D KL. 10:10

KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI

TRANSFORMERS 4 3D KL. 5:50-9:10-10:10

MAKE YOUR MOVE KL. 5:40-8

MALEFICENT 2D KL. 5:50-8

GODZILLA 2D KL. 10:20

KEFLAVÍK

TRANSFORMERS 4 3D KL. 7-10:15

AD TEMJA DREKANN SINN KL. 2D KL. 8

22 JUMP STREET KL. 10:10

AKUREYRI

TRANSFORMERS 4 KL. 3D: 5-8:30 2D: 10:20

MALEFICENT 2D KL. 5:50

EDGE OF TOMORROW 2D KL. 8

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á **SAMBIO.IS**



Ólögleg nærföt

Brasilíski fótboltamaðurinn Neymar er nú undir smásjánni hjá FIFA eftir að það sást glitta í nærbuxur hans sem reyndust ekki uppfylla skilyrði mótsins. Knattspyrnusambandið viðhefur strangar reglur um búninga leikmanna og þær reglur ná einnig yfir nærfötin. Á heimsmeistaratótinu mega fótboltamenn ekki klæðast neinu sem gæti talist auglýsing eða haft trúarlega eða pólitíska tilvísun. FIFA rannsakar málið.

Skítugir Fransmenn

BAKPANKAR
Hauks Viðars
Alfreðssonar

Flestir þekkja mýtuna um skítuga Frakkann. Órakaðan og angandi af tóbaki í bland við stæka lykt af eigin handarkríkum. Þar að auki hefur mér verið talin trú um að París sé einn risastór hundaskítshraukur. „Skítugasta borg sem ég hef komið til,“ hef ég til dæmis heyrt frá fleiri en einum.



ÉG er nýkominn úr minni fyrstu Frakklandsheimsókn. Ég ráfaði um götur Parísar með geitaost og snigla í maganum og flissaði yfir nefstórum mönnum að borða snittubrauð. Svo fór ég á þungarokkshátíð uppi í sveit. Fylgdist með svartklæddum dauðarokkurum bera sólarvörn hver á annan í þrjátíu stiga hita. Mjög krúttlegt.

ÞAÐ litla sem París og þungarokkshátíðin áttu sameiginlegt var umgengnin. Allar umbúðir, matarleifar og tyggjófóru í tunnuna. Það datt engum í hug að henda þessu á jörðina,

en það er eitthvað sem tókast á öllum útihátíðum sem ég hef farið á. Í Bretlandi, í Danmörku, á Íslandi. En í Frakklandi láta meira að segja ófrýnilegir djöfladýrkendur með öfugan kross á enninu sig hafa það að ganga 200 metra til að geta hent tyggjóinu sínu í ruslafötu.

Í París var það sama sagan. Engar tyggjóklessur, nammibréf eða sigarettustubbar. Sjálfssalar og strætóskýli fá frið fyrir skemmdarvörgum og það mátti éta af gólfinu á hverri einustu neðanjarðarlestarstöð. Ég kann enga skýringu á þessu. Varla hafa þeir ráðist í stórhreingerningu þegar þeir fréttu að ég væri að koma?

EN þar með er heimsmýnd mín líka hrúnin. Hvaða þjóð mun ég núna geta litið niður á fyrir að vera sóðalappir Evrópu? Eftir eina helgi í miðbæ Reykjavíkur er mig reyndar farið að gruna að ég þurfi ekki að leita langt. Við Íslendingar komumst allavega ekki nálægt skítugu Fransmönnum þegar kemur að góðri umgengni. Merde!

Líflegt körfuboltamót Priksins

Árlegt körfuboltamót Priksins fór fram á laugardaginn. Kynnir mótsins var Emmsjé Gauti sem þótti fara á kostum þegar hann gaf boltann á loft. Hörður Helgi Hreiðarsson hampaði bikarnum í lokin.



VÍGALEGR Guðfinnur Sveinsson, einn meðlima For a Minor Reflection, sýndi glæsilega takta á vellinum.



LEIKURINN HAFINN Emmsjé Gauti var kynnir ásamt því að gefa boltann á loft.



HRESS PLÖTUSNÚÐUR Dj Yamaha lét sig ekki vanta og fylgdist vel með.



SIGURVEGARAR Hörður Helgi Hreiðarsson á Fernet Branca-hjólínu hampar hér hinum glæsilega verðlaunabikar körfuboltamótsins.

SMÁRA BÍÓ HÁSHÖLA BÍÓ

TRANSFORMERS: AGE OF EXTINCTION 12

WELCOME TO NEW YORK 16

DREKANN 2 12

X-MEN 12

SMÁRA BÍÓ 5%

TRANSFORMERS 2D KL. 4

TRANSFORMERS 3D KL. 8-10:30

TRANSFORMERS 3D LÚXUS KL. 5-9

AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL. TAL. KL. 3:30-5:45

AD TEMJA DREKANN 2 3D ISL. TAL. KL. 3:30-5:45

22 JUMP STREET KL. 5:30-8-10:40

FAULT IN OUR STARS KL. 8

TÓFRALANDIÐ OZ 2D ISL. TAL. KL. 3:30

X-MEN 3D KL. 10:40

VONARSTRÆTI KL. 8

HÁSHÖLA BÍÓ 5%

WELCOME TO NEW YORK KL. 8-10:40

AD TEMJA DREKANN 2 2D ISL. TAL. KL. 5:45

TRAIN...DRAGON 3D ISL. TALÓTEXT. KL. 8-10:15

22 JUMP STREET KL. 8-10:30

GRACE OF MONACO KL. 5:40

FAULT IN OUR STARS KL. 5:20

VONARSTRÆTI KL. 5:20-8-10:40

LAUGARÁS BÍÓ 10% **Coca-Cola** FLAUGARÁS BÍÓ

TRANSFORMERS: AGE OF EXTINCTION 12

BRICK MANSIONS 12

DREKANN 2 12

22 JUMP STREET 8

MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST 16

VONARSTRÆTI 14

LAUGARÁS BÍÓ Sýningartímar

TRANSFORMERS 3D 4, 7, 10:10(P)

BRICK MANSIONS 10:40

AD TEMJA DREKANN SINN 2D 4:30

22 JUMP STREET 8

MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST 10:20

VONARSTRÆTI 5, 8

BÍÓ PARADÍS EUROPA CINEMAS

HM Í FÓTBOLTA Í BEINNI FRÍTT INN

SHORT TERM 12

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is

SAFT

SJÁÐU ÚRSLIT HM Á 50"

Kaffivélin sýður vatnið

50"
LG



TILBOÐ

99.989
FULLT VERÐ 129.989

LG-50PN450D
50" HD Plasma sjónvarp með 1024x768p upplausn. 600Hz Sub Field Drive. Triple XD Engine. Picture Wizard II 2.000.000:1 Superb Contrast. Real Cinema 24p. Digital DVB-T2 móttakari. Progressive Scan. USB. Scart, 2 HDMI, Component, CI rauf, CVBS, Optical út o.fl.



PHILIPS

Philips HD5407
Philips kaffikannan sem sýður vatnið loksins komin aftur.

TILBOÐ

16.989
FULLT VERÐ 19.989

Með glerkönnu



BRAUN

Braun MX2050BL
525W Multiquick blandari með 1.75L glerkönnu. 5 hraðar og púls. Auðvelt að losa hnifa og hreinsa. Gúmmitappar fyrir stöðugleika.

TILBOÐ

12.989
FULLT VERÐ 17.989

**FRÍ HEIMSENDING
HVERT Á LAND
SEM ER Í JÚLÍ!**

Philips ryksuga

PHILIPS

Philips FC8454
2000w PowerLife ryksuga með 350w sogkrafti. CleanAir microfilter. Tekur 3L af ryki. 6m snúra (9m radíus). 2 fylgihlutir.

TILBOÐ

14.989
FULLT VERÐ 19.989

Heimabíó með Silent Cinema



YAMAHA

Yamaha YHT199
5.1 rása heimabíópakki með fimm 100w hátölurum. FM útvarp. SILENT CINEMA / Virtual CINEMA DSP, Dolby TrueHD, Dolby Digital Plus, DTS-HD Master Audio. HD Audio decoding með CINEMA DSP.

TILBOÐ

79.989
FULLT VERÐ 99.989

Blu-Ray með DVD

TILBOÐ

19.989
FULLT VERÐ 24.989

Panasonic

Panasonic DMPBD79BK
Blu-Ray spilari með DVD uppsköpun í 1080p. High Def 1080p @ 24fp. DTS-HD og Dolby TrueHD fyrir hágæða 7.1 heimabíó. DTS-HD Master Audio Essential / DTS-HD High Resolution Audio. 2x USB og HDMI tengi með Deep Color.

max.is



TILBOÐ

79.989
FULLT VERÐ 99.989

CANDY

Candy EVO1482DS
1400 snúninga og 8kg þvottavél með stafrænu kerfisvali og 56L tromlu. Stafrænn hitastillir. LCD skjár. 15 kerfi og 32 mín hraðkerfi. Þvott hæfni A. Vinduhæfni B. Orkuflokkur A++.

MAX
RAFTÆKI

Opið mán. - fös. kl. 11-19
Laugardaga kl. 11-18
Sunnudaga kl. 12-18

SÍMI 412 2200

BEINT Á MÓTI IKEA

Birt með fyrirvara um innsláttarvillur og verðbreytingar.

HMÍ FÓTBOLTA

16.00 FRAKKLAND - NÍGERÍA
20.00 ÞÝSKALAND - ALSÍR

Tvær Evrópuþjóðir etja kappi við Afríkuliðin tvö sem eftir eru í keppninni í Brasilíu í leikjum dagsins. Þýskaland og Frakkland eru með lið sem gætu farið alla leið og því reikna flestir með sigri Evrópuþjóðanna. Alsíringar hafa þó heillað marga með frammistöðu sinni á mótinu og gætu reynt **Thomas Müller** og félagum óþægur ljár í þúfu. Frakkar hafa verið öflugir til þessa og verða mögulega of stór biti fyrir Nígeríumenn.

VÍSIR Allt um HM á Vísi



STJARNA GÆRDAGSINS

HM í Brasilíu er að verða keppni varamannanna en einn slíkur gerbreytti öllu í leik Hollands og Mexíkó í gær. Klaas-Jan Huntelaar kom inn á þegar Holland var marki undir en lagði upp jöfnunarmark Wesley Sneijder og skoraði svo sigurmark sinna manna úr vítaspyrnu í uppbótartíma leiksins.



Klaas-Jan Huntelaar
Holland

Hollendingar í sögubækurnar fyrir endurkomur sínar á HM

Hollendingar hafa sýnt að það beri ekki að afskrifa þá þrátt fyrir að þeir lendi undir í sínum leikjum á HM í Brasilíu. Það hefur nú gerst í þremur af fjórum leikjum liðsins til þessa en **Arjen Robben** og félagar hafa náð að snúa taflinu sér í vil og vinna allan leikina, nú síðast gegn Mexíkó í 16-liða úrslitum í gær. Holland er fyrsta liðið í sögu keppinnar sem afrekar þetta svo oft.



ÚRSLIT

HM 2014 Í BRASILÍU

16-LIÐA ÚRSLIT

BRASILÍA - SÍLE

1-0 David Luiz (18.), 1-1 Alexis Sanchez (32.).
Brasilía vann í vítaspyrnukeppni, 3-2.

KÓLUMBÍA - ÚRÚGVÆ

1-0 James Rodriguez (28.), 2-0 James Rodriguez (50.).

Brasilía og Kólumbía mætast í undanúrslitum föstudaginn 4. júlí kl. 20.00.

HOLLAND - MEXÍKÓ

0-1 Giovanni Dos Santos (48.), 1-1 Wesley Sneijder (88.), 2-1 Klaas-Jan Huntelaar, víti (94.).

KOSTARÍKA - GRIKKLAND

1-0 Bryan Ruiz (52.), 1-1 Sokratis Papastathopoulos (91.). Framlenging var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.

Í DAG

FRAKKLAND - NÍGERÍA

KL. 16.00

ÞÝSKALAND - ALSÍR

KL. 20.00

Sigurvegarnir mætast í undanúrslitum föstudaginn 4. júlí kl. 16.00.

Á MORGUN

ARGENTÍNA - SVISS

KL. 16.00

ÞÝSKALAND - ALSÍR

KL. 20.00

Sigurvegarnir mætast í undanúrslitum laugardaginn 5. júlí kl. 16.00.

Met bætt í Gautaborg

FRJÁLSAR Ísland átti fjölmarga fulltrúa á Gautaborgarleikunum í Svíþjóð um helgina en keppt var í öllum aldursflokkum. Hafdís Sigurðardóttir vann gull í 100 m hlaupi kvenna sem og langstökki en hún varð önnur í 200 m hlaupi.



HAFDÍS SIGURÐARDÓTTIR

Kolbeinn Höður Gunnarsson vann sigur í 400 m hlaupi karla nítján ára og yngri og Jóhann Björn Sigurbjörnsson varð annar. Báðir voru svo nálægt sínu besta í 200 m hlaupi.

Þórdís Eva Steinsdóttir bætti Íslandsmetið í 300 m hlaupi og 31 árs gamalt Íslandsmet í 800 m hlaupi fjórtán ára og yngri sem móðir hennar, Súsanna Helgadóttir, setti á sínum tíma. Þá bætti Styrmir Dan Steinunnarson Íslandsmet þilta fimmtán ára og yngri í hástökki en hann stökk 1,94 m.

- esa

Snúa aftur í Snæfell

KÖRFUBOLTI Snæfell tilkynnti góðan liðsstyrk í gærkvöldi fyrir komandi áttök í Domino's-deild kvenna en liðið hefur endurheimt þær Maríu Björnsdóttur frá Val og Gunnhildi Gunnarsdóttur úr Haukum. Báðar eru uppaldar hjá félaginu og léku síðast með því árið 2010.

Þá gekk Snæfell einnig frá nýjum samningi við Helgu Hjörðísi Björgvinsdóttur en liðið hefur þó misst Hildi Björgu Kjartansdóttur í nám til Bandaríkjanna.

Snæfell varð Íslandsmeistari í vor og ætlar sér greinilega ekki að láta bikarinn af hendi á næsta tímabili.

- esa

Vildi senda ákveðin skilaboð

Kristján Þór Einarsson og Tinna Jóhannsdóttir urðu í gær Íslandsmeistarar í holukeppni. Kristján Þór var ekki valinn í landsliðið á dögnum og segist hafa notað mótlætið til að hvetja sig áfram um helgina.

GOLF Kristján Þór Einarsson og Tinna Jóhannsdóttir stóðu uppi sem sigurvegarar á Íslandsmótinu í holukeppni sem fór fram við kjöradstæður á Hvaleyrarvelli í Hafnarfirði. Kristján Þór, sem keppir fyrir Kjöl í Mosfellsbæ, hafði betur gegn Bjarka Péturssyni frá Golfklúbbi Borgarness í úrslitum en Tinna, sem keppti á heimavelli, vann Karen Guðnadóttur úr Golfklúbbi Suðurnesja.

„Ég náði að bæta mig með hverjum hring eftir því sem leið á mótið,“ sagði Kristján Þór í samtali við Fréttablaðið en óhætt er að fullyrða að hann hafi farið erfiða leið að titlinum. Í fjórðungsúrslitum lagði hann Birgi Leif Hafþórsson, margfaldan Íslandsmeistara í högggleik, að velli og Harald Franklín Magnús, sem nýlega komst í átta manna úrslit á Opna breska áhugamannamótinu, í undanúrslitum.

„Birgir Leifur er líklega besti kylfingur sem Ísland hefur átt og árangurinn sem Haraldur Franklín náði úti var frábær. Bjarki hefur svo spilað frábært golf alla helgina og ég held að hafi farið erfiðustu leiðina sem möguleg var, með fullri virðingu fyrir öðrum,“ sagði Kristján Þór.

Vil ekkert segja um viðbrögðin

Kristján Þór lýsti á dögnum óánægju sinni með þá ákvörðun landsliðsþjálfarans Úlfars Jónssonar að velja hann ekki í landsliði Íslands fyrir Evrópukeppni landsliða sem fer fram í Finnlandi í byrjun næsta mánaðar.

„Hann segir mér óbeint að ég eigi ekkert heima í landsliðinu því ég á barn og er með annað á leiðinni. Hann telur að metnaðurinn sé ekki í golfinu,“ sagði Kristján Þór í umræddu viðtali við Vísi þann 20. júní síðastliðinn.

„Ég kom virkilega „mótiverður“ inn í þetta mót og vildi senda ákveðin skilaboð. Það gekk eftir með þessum sigri,“ segir Kristján Þór sem reiknar ekki með því að fá símtal frá landsliðsþjálfaranum eftir árangur helgarinnar.



PABBI VANN Kristján Þór Einarsson með dóttur sinni eftir sigurinn á Hvaleyrarvelli í gær.

FBL/DANIEL

Purfti að fá frí frá vinnu fyrir úrslitin

Tinna Jóhannsdóttir segir að það eigi vel við sig að spila í holukeppni en hún bar sigur úr bítum á Íslandsmótinu um helgina. Hún hefur þó dregið sig til hliðar frá keppnisgölfinu en stóðst ekki mátið þegar henni bauðst að taka þátt á heimavelli hennar í Hafnarfirði.

„Ég gerði engin dýr mistök í úrslitaleiknum og þetta datt ekki fyrir Karen [Guðnadóttur] í dag. Þetta var nokkuð rólegt golf hjá mér,“ sagði Tinna sem var að vinna titilinn í fyrsta sinn.

„Ég missti alltaf af þessu móti á námsárum mínum í Bandaríkjunum en komst í úrslit í fyrra og endaði í þriðja sæti þar áður. Holukeppnin á ágætlega við mig enda er

þetta mitt uppáhaldsmót ásamt sveitakeppninni.“

Tinna er í fullri vinnu, auk þess sem hún er að þjálfa hjá golfklúbbum Keili, og þurfti að fá frí til að keppa í gær. „Ég hef verið að draga mig út úr þessu en það er gaman að sjá hvað það er stór hópur ungra kylfinga að koma upp í kvennaflokki,“ segir Tinna en hún reiknar ekki með því að keppa á Íslandsmótinu í högggleik síðar í sumar. „Nei og ég held að þessi sigur breytir því ekki því spilamennska mín um helgina myndi aldrei duga til sigurs á landsmóti,“ sagði hún í léttum dúr.



eirikur@frettabladid.is

„Ég þarf bara að bíða og sjá. En ég hef litla trú á því,“ sagði Kristján en hann vildi ekki tjá sig um viðbrögð Úlfars sem sagði málið á sínum tíma vera „leiðinlegan misskilning“ og að hann hefði ekkert á móti Kristjání.

Næsta mót Kristjáns verður meistaramót Kjaral eftir tvær vikur en að því loknu hefur hann undirbúning fyrir Íslandsmótið í högggleik sem fer fram dagana 24.-27. júlí.

„Það er enginn vafi á því að ég

stefni að sigri á landsmótinu en ég verð svo bara að bíða og sjá til hvernig ágústmánuður verður hjá mér. Við eigum von á barni þá og framhaldið ræðst af því,“ sagði Kristján Þór að lokum.

Alfreð færir enn nær Real Sociedad

Varaforseti félagsins segir mjög stutt í að gengið verði frá félagaskiptum Alfreðs í spænsku úrvalsdeildina.

FÓTBOLTI Angel Oyarzun, varaforseti spænska úrvalsdeildarfélagins Real Sociedad, segist „afar vongóður“ um að félagið geti gengið frá kaupunum á sóknarmanninum Alfreð Finnbogasyni sem allra fyrst. Þetta var haft eftir honum á vefsíðu staðarblaðsins Noticias de Gipuzkoa síðdegis í gær.

„Knattspyrnufélag nú til dags stíga almennt varlega til jarðar þegar kemur að leikmannamálum en ég er vongóður um að þetta leysist fyrr en síðar,“ sagði Oyarzun.


Annað blað, El Diario Vasco, fjallaði um málið í gær og sagði að kaupin á Alfreð væru óháð því hvort félagið myndi selja Antoine Griezman eða ekki frá félaginu. Alfreð er sagður kosta spænska félagið allt að tíu milljónir evra, jafnvirði rúmlega eins og hálf milljarðs króna, samkvæmt fréttum í Hollandi og á Spáni.

Hollenska blaðið De Telegraaf staðhæfði fyrir viku síðan að það væri aðeins tímaspursmål hvenær Alfreð færi til spænska liðsins en hann hefur síðustu vikur og mánuði verið orðaður við fjöldamörg lið í Evrópu sem mörg hver leika í sterkustu deildum álfunnar.

Alfreð varð markahæsti leikmaður hollensku úrvalsdeildarinnar í vetur með 29 mörk en enginn Íslendingur hefur skorað fleiri mörk á einu tímabili í efstu deild í Evrópu. Hann er einnig markahæsti leikmaður Heerenveen í hollensku deildinni frá upphafi en hann á eitt ár eftir af núverandi samningi sínum við félagið.

Heerenveen á þó þess kost að framlengja samninginn um eitt ár í viðbót næsta vor. - esa

Á LEIÐ TIL SPÁNAR Alfreð fagnar einu marki sinna í Hollandi í vetur en hann er líklega á leið þaðan.



FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



FRÁBÆR James Rodríguez er nú þegar búinn að skora jafn mörg mörk (fimm) og markahæstu menn HM 2010 gerðu í allri þeirri keppni. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Staðreyndir um James Rodríguez

- Fæddur í Cucuta, Kólumbíu, 12. júlí 1991.
- Hóf feril sinn hjá B-deildarliði **Envido** í heimalandinu en hélt til **Banfield** í Argentínu árið 2008, þá sautján ára gamall.
- Eftir eitt og hálf ár í Argentínu var hann seldur til **Porto** þar sem hann vann samtals átta titla á þremur árum, þar af deildarmeistaratitilinn öll þrjú árin.
- Hann var valinn besti leikmaður portúgölsku úrvalsdeildarinnar árið 2012, tvítugur að aldri. Hann er **ýngsti leikmaðurinn** frá upphafi sem hefur hlotið þessa nafnbót.
- Rodríguez var aðeins 21 árs gamall þegar franska liðið **AS Monaco** keypti kappann á 45 milljónir evra. Hann varð **næstdýrasti** leikmaður portúgölsku deildarinnar frá upphafi.

Kólumbíska undraverkið

James Rodríguez hefur slegið í gegn á HM í Brasilíu og verið í aðalhlutverki í mögnuðu kólumbísku landsliði sem er komið í 8-liða úrslit í fyrsta sinn.

FÓTBOLTI „Hann er í sama gæðaflokki og Diego Maradona,“ sagði Oscar Tabarez, landsliðsþjálfari Úrúgvæ, eftir að lið hans var slegið úr leik í 16-liða úrslitum HM í Brasilíu á laugardagskvöldið. Hin 22 ára James Rodríguez hafði farið á kostum og skorað bæði mörkin í nokkuð öruggum 2-0 sigri Kólumbíumanna sem um leið tryggðu sér sæti í fjórðungsúrslitum HM í fyrsta sinn í sögu þjóðarinnar.

Rodríguez er markahæsti leikmaður keppinnar með fimm mörk í fjórum leikjum. Þar að auki hefur hann auga fyrir sannkölluðum glæsismörkum en fyrra markað hans gegn Úrúgvæ fer í sögu-bækurnar sem eitt fallegasta mark annars frábærrar keppni í Brasilíu hingað til.

James hefur skorað í hverjum einasta leik Kólumbíu á HM og þar að auki lagt upp tvö til viðbótar. Næst verður það undir gestgjöfunum í Brasilíu komið að stöðva þennan töframmann. Liðin mætast í fjórðungsúrslitum á föstudagskvöld klukkan 20.00.

Úr skugga Falcao

Hann er á mála hjá AS Monaco í Frakklandi en þangað kom hann fyrir tæpa sjö milljarða króna (45 milljónir evra) frá Porto í Portúgal fyrir ári. Meira fór fyrir félagskiptum annars Kólumbíumanns til Monaco það sumar en sóknarmaðurinn Falcao hefur hingað til verið talinn skærasta stjarna kólumbísku landsliðsins.

Falcao sleit hins vegar krossband í hné í janúar og þrátt fyrir hetjulega baráttu náði hann ekki að jafna sig í tæka tíð. Óttuðust margir að fjarvera hans myndi

veikja lið Kólumbíu til muna en James hefur nú margsýnt að þær áhyggjur reyndust óþarfar.

Í viðtölum við fjölmiðla eftir sigurinn á Úrúgvæ sagði Rodríguez að það ættu allir að leyfa sér að dreyma um að ná langt – það hafi hann gert.

„Það er ekki auðvelt að afreka það sem ég hef gert. En það er mín skoðun að það sé allt hægt ef maður á sér draum og gerir allt sem maður getur til að láta hann rætast. Maður þarf bara að leggja nógu mikið á sig,“ sagði kappinn.

Ótrúlegur skilningur

Jose Pekerman, landsliðsþjálfari Kólumbíu, er maðurinn á bak við árangur liðsins og lofaði hann einnig sinn mann í hástert.

„Ég hef á mínum langa ferli verið með marga leikmenn í mínum liðum sem hafa búið yfir einstökum hæfileikum. En það sem hefur komið mér mest á óvart er að hann virðist ekki eiga í neinum vandræðum með að skilja ákveðna þætti í þessari íþrótt sem tekur aðra knattspyrnsmenn mörg ár að læra,“ sagði Pekerman.

Brasilía hafði naumlega betur gegn Síle í 16-liða úrslitunum og þarf líklega að spila talsvert betur gegn Rodríguez og félagum til að komast áfram í undanúrslit. Sér í lagi þar sem miklar væntingar eru gerðar til heimamanna í mótinu.

„Það er engin pressa á okkur,“ sagði Rodríguez. „Brasilía á auðvitað frábæra leikmenn en við getum líka verið hættulegir. Þetta verður fallegur knattspyrnuleikur og ótrúlegt fyrir okkur að taka þátt í honum.“ eirikur@frettabladid.is

Murray ætlar sér að verja titilinn

Síðari keppnisvikan á stærsta tennismóti ársins, Wimbledon-mótinu, hefst í dag.

TENNIS Skotinn Andy Murray segist njóta þess að spila á Wimbledon-mótinu í tennis þó svo að miklar kröfur séu gerðar til hans. Í fyrra varð hann fyrsti Bretinn í 77 ár til að fagna sigri í einliðaleik karla á mótinu en þrátt fyrir að meiðli hafi gert honum erfitt fyrir undanfarna mánuði ætli hann sér alla leið aftur nú.

„Ég nýt þess að vera taugaóstyrkur og óttast ekki þá tilfinningu. Mér finnst að ég nái alltaf mínu besta fram þegar pressan er sem mest á mér,“ sagði hann

en Murray hefur ekki tapað lotu á mótinu til þessa og unnið alls sextán leiki í röð á Wimbledon. Þó eru flestir sterkustu tenniskappar heims, með þá Novak Djokovic, Rafael Nadal og Roger Federer fremsta í flokki, enn meðal keppenda.

Mun óvæntari tíðindi hafa átt sér stað í einliðaleik kvenna en efstu tvær konur heimslistans – hin bandaríska Serena Williams og Li Na frá Kína – eru báðar fallnar úr leik.

Sýnt verður beint frá undanúr-



Á GAMANSÖMUM NÓTUM Murray með grínistanum Ricky Gervais. GETTY

slitum og úrslitum karla og kvenna á Stöð 2 Sport síðar í vikunni. -esá

♈

D-VÍTAMÍNÞÆTT
LÉTTMJÓLK OG NÝMJÓLK

Nú í 1/2 lítra umbúðum

STÖÐ 2 kl. 20 Höfðingjar heim að sækja

Vandaðir þættir með Evu Laufeyju Kjaran Hermannsdóttur þar sem hún heimsækir þjóðþekktu Íslendinga. Viðmælendurnir eru sannkallaðir sælkerar og eru flestir þekktir fyrir eitthvað allt annað en að vera í eldhúsinu. Þeim líður engu að síður dásamlega heima í eldhúsinu að undirbúa gómsætar kræsingar handa fjölskyldunni og vinum.



Í KVÖLD



Mindy Project

STÖÐ 2 KL. 19.15 Gamanþáttaröð um konu sem er í góðu starfi en gengur illa að fóta sig í ástarlífinu. Mindy er ungur lækni á uppleið en rómantikin flækist fyrir henni og samskiptin við hitt kynið eru flóknari en hún hafði ímyndað sér.



Bjarnfreðarson

STÖÐ 2 BÍÓ KL. 18.35 Ragnar Bragason leikstýrir þessari mögnuðu kvikmynd sem er sjálfstæður lokakafi í sögu þremminganna úr Vakta-seríunum. Í myndinni sjáum við gæfuna líta loks við Ólafi þar sem hann fær draum sinn uppfylltan um að verða útvarpsmaður.



Hart of Dixie

STÖÐ 3 KL. 18.20 Þriðja þáttaröðin um unga stórborgarstúlku sem finnur sjálfa sig og ástina í smábæ í Alabama. Rachel Bilson leikur ungan lækni sem neyðist til að taka að sér vinnu í smábæ þar sem lífið er allt öðruvísi en hún á að venjast.

FM957 kl. 10 Heiðar Austmann

Útvarpsmaðurinn góðkunnni Heiðar Austmann spilar ferska og skemmtilega tónlist fyrir hlustendur FM957 alla virka daga.



KitchenAid
THE MORE YOU USE IT
THE BETTER IT LOOKS

95
1919-2014

STÖÐ 2

- 07.00 Barnatími Stöðvar 2
- 08.00 Malcolm In the Middle (6:22)
- 08.25 2 Broke Girls (5:24)
- 08.45 Anger Management (5:10)
- 09.10 Bold and the Beautiful
- 09.30 Doctors (4:175)
- 10.10 School Pride (1:7)
- 10.55 The Crazy Ones (2:22)
- 11.20 Perfect Couples (13:13)
- 11.45 Falcon Crest (22:28)
- 12.35 Nágrannar
- 13.00 ET Weekend (41:52)
- 13.45 American Idol (3:39)
- 15.10 Villingarnir
- 15.35 Ofurhetjusérveitin
- 16.00 Frasier (17:24)
- 16.25 The Big Bang Theory (13:24)
- 16.45 How I Met Your Mother
- 17.10 Bold and the Beautiful
- 17.32 Nágrannar
- 17.57 Simpson-fjölskyldan (11:22)
- 18.23 Veður
- 18.30 Fréttir Stöðvar 2
- 18.47 Íþróttir
- 18.54 Ísland í dag
- 19.06 Veður
- 19.15 Mindy Project (5:24)
- 19.35 The Goldbergs (9:23)
- 20.00 Höfðingjar heim að sækja
- 20.20 Nashville (18:22)
- 21.05 The Leftovers (1:10)
- 21.50 Crisis (4:13)
- 22.35 Vice (12:12)
- 23.05 Anger Management (12:22)
- 23.30 White Collar (3:16)
- 00.15 Orange is the New Black (3:14)
- 01.15 Burn Notice (3:18)
- 02.00 Veep (8:10)
- 02.30 American Horror Story (11:12)
- 03.10 October Sky
- 04.55 The Three Stooges

SPORT

- 14.15 Norðurálmótið
- 14.50 Meistaradeild Evrópu: Bayer Leverkusen - Man. Utd.
- 16.35 Pepsímörkin 2014
- 17.55 Moto GP - Holland
- 18.55 Dominos deildin - Liðið mitt
- 19.20 Grindavík - KR
- 21.00 Ultimate Iceman
- 21.45 UFC Live Events

SPORT 2

- 07.00 Holland - Mexíkó
- 08.40 Kostaríka - Grikkland
- 11.50 Króatía - Mexíkó
- 13.30 Gary Neville
- 14.00 Holland - Mexíkó
- 15.40 Kostaríka - Grikkland
- 17.20 England and Italy
- 17.50 Ítalía - Úrúgvæ
- 19.30 Frakkland - Nígíría
- 21.10 Beбето
- 21.40 Þýskaland - Portúgal
- 23.30 Argentína - Sviss
- 01.10 Frakkland - Nígíría
- 02.50 Argentína - Sviss

INN

20.00 Frumkvöðlar Frumkvöðlastörf um allt land
20.30 Heilsa og hollustu Sólvi Tryggvason á heilsuþótarlóðum 6:6
21.00 Íslensk fyrirtækjafióra Sigurður K. Kolbeinsson heimsækir Ólgerðina 4:5
21.30 Til framtíðar Þáttaröð um líffeyrissjóðina. Umsjón Þórhallur Jósefsson 3:12

STÖÐ 3

- 17.30 Grand Designs (9:12)
- 18.20 Hart Of Dixie (19:22)
- 19.00 Take the Money and Run (6:6)
- 19.45 Bleep My Dad Says (11:18)
- 20.05 Time of Our Lives (6:13) Dramatískir þættir sem fjalla hið daglega líf og hin ýmsu vandamál sem einstaklingar á öllum aldri og úr öllum stigum þjóðfélagsins glíma við.
- 21.00 The Glades (2:10)
- 21.45 The Vampire Diaries (21:22) Þriðja þáttaröðin um unglingsstúlku sem fellur fyrir strák sem er í raun vampír og hefur lífað í meira en 160 ár. Hann reynir að lífa í sátt og samlyndi við venjulegt fólk.
- 22.25 Pretty Little Liars (18:25)
- 23.10 Nikita (19:22)
- 23.50 Terminator: The Sarah Connor Chronicles (4:22)
- 00.35 Take the Money and Run (6:6)
- 01.20 Bleep My Dad Says (11:18)
- 01.40 Time of Our Lives (6:13)
- 02.35 The Glades (2:10)
- 03.20 The Vampire Diaries (21:22)
- 04.00 Tónlistarmyndbönd

Krakkastöðin

07.00 Ofurhundurinn Krypto 07.25 Ljótí andarganginn 07.47 Tommi og Jenni 07.55 Leyndarmál vísindanna 08.00 Brunabíllarnir 08.25 Latibær 08.47 Gulla og grænjaxlarnir 09.00 Dóra könnuður 09.24 Mörgæsinnar 09.45 Doddi litli 09.55 Rasmus Klumpur 10.00 Áfram Diego, áfram! 10.24 Svampur Sveinsson 10.45 Ævintýraferðin 10.55 UKI 11.00 Ofurhundurinn Krypto 11.25 Ljótí andarganginn 11.47 Tommi og Jenni 11.55 Leyndarmál vísindanna 12.00 Brunabíllarnir 12.23 Latibær 12.47 Gulla og grænjaxlarnir 13.00 Dóra könnuður 13.24 Mörgæsinnar 13.45 Doddi litli 13.55 Rasmus Klumpur 14.00 Áfram Diego, áfram! 14.24 Svampur Sveinsson 14.45 Ævintýraferðin 14.55 UKI 15.00 Ofurhundurinn Krypto 15.25 Ljótí andarganginn 15.47 Tommi og Jenni 15.54 Leyndarmál vísindanna 16.00 Brunabíllarnir 16.23 Latibær 16.47 Gulla og grænjaxlarnir 17.00 Dóra könnuður 17.24 Mörgæsinnar 17.45 Doddi litli 17.55 Rasmus Klumpur 18.00 Áfram Diego, áfram! 18.24 Svampur Sveinsson 18.45 Ævintýraferðin 18.55 UKI 19.00 Undraland Ibba 20.25 Sögur fyrir svefninn

GULLSTÖÐIN

- 17.50 Strákarnir
- 18.20 Friends (18:24)
- 18.45 Seinfeld (16:23)
- 19.10 Modern Family
- 19.35 Two and a Half Men (4:16)
- 20.00 Sjálfstætt fólk
- 20.30 Eldsnögg með Jóa Fel (8:12)
- 21.00 Breaking Bad (7:13)
- 21.50 Sisters (6:22)
- 22.40 The Newsroom (9:10)
- 23.35 Rita (5:8)
- 00.20 Lærkevej (3:12)
- 01.35 Eldsnögg með Jóa Fel (8:12)
- 02.05 Breaking Bad (7:13)
- 02.55 Sisters (6:22)
- 03.45 The Newsroom (9:10)
- 04.40 Tónlistarmyndbönda

BÍÓSTÖÐIN

- 12.05 Journey 2: The Mysterious
- 13.40 Bjarnfreðarson
- 15.30 The Oranges
- 17.00 Journey 2: The Mysterious Island
- 18.35 Bjarnfreðarson
- 20.25 The Oranges
- 22.00 My Cousin Vinny
- 00.00 Wrecked
- 01.30 Dredd
- 03.05 My Cousin Vinny

RÚV

- 10.55 HM í fótbolta (Holland - Mexíkó)
- 12.45 HM í fótbolta
- 14.35 Herstöðvarlíf (18:23) (Army Wives)
- 15.20 HM stofan
- 15.50 HM í fótbolta BEINT
- 17.50 HM stofan
- 18.15 Fisk í dag (7:8)
- 18.25 Táknafréttir
- 18.35 Njósnaari (2:10) (Spy II)
- 19.00 Fréttir
- 19.20 Veðurfréttir
- 19.25 Íþróttir.
- 19.30 HM stofan
- 19.50 HM í fótbolta BEINT
- 21.55 HM stofan
- 22.15 Tíufréttir
- 22.30 Veðurfréttir
- 22.35 Víkingarnir (7:9) (The Vikings) Ævintýraleg og margverðlaunuð þáttaröð um víkinginn Ragnar loðbrók, félag hans og fjölskyldu. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
- 23.20 Kvöldstund með Jools Holland (2:10) Vinsæll breskur tónlistarþáttur í umsjón Jools Holland. Fjölbreytt úrval tónlistar er tekið fyrir og í hverjum þætti stíga fimm hljómsveitir á stokk. Gestir að þessu sinni eru Mumford & Sons, Lisa Marie Presley, Neil Sedaka, Savages og Bobby Womack.
- 00.25 Dagskrárlök

SKJÁREINN

- 06.00 Pepsi MAX tónlist
- 08.00 Everybody Loves Raymond
- 08.25 Dr. Phil
- 09.05 Pepsi MAX tónlist
- 16.40 Big Fat Gypsy Wedding (3:5)
- 17.30 Judging Amy (22:23)
- 18.15 Dr. Phil
- 18.55 Top Gear USA (6:16)
- 19.45 The Office (6:24)
- 20.05 Rules of Engagement (14:26) Bandarísk gamanþáttaröð um skrautleg- um vinahóp. Russel lendir í vandræðum eftir að kærastan hans gufar upp, bóksaflega.
- 20.30 Top Chef (14:15)
- 21.15 Rookie Blue (5:13) Þriðja þáttaröðin af kanadísku lögregluþáttunum Rookie Blue er komin aftur á skjáinn. Fylgst er með lífi og störfum nýútskrifaðra nýliða í lögreglu sem þurfa ekki aðeins að glíma við sakamenn á götum úti heldur takast á við samstarfsmenn, fjölskyldu og eiga um leið við eigin bresti. Þetta er dramabáttur eins og þeir gerast bestir og hefur þáttunum m.a. verið líkt við Grey's Anatomy nema í veröld löggæslumanna. Stjórnur þáttanna eru þau Missy Peregrym og Gregory Smith.
- 22.00 Betrayal (3:13) Betrayal eru nýir bandarískir þættir byggðir á hollenskum sjónvarpsþáttum og fjalla um tvöfalt líf, svik og pretti.
- 22.45 Green Room with Paul Provenza (6:6)
- 23.10 Law & Order (20:22)
- 23.55 Agents of S.H.I.E.L.D. (11:22)
- 00.40 Ironside (3:9)
- 01.50 Rookie Blue (5:13)
- 02.10 Betrayal (3:13)
- 02.55 Pepsi MAX tónlist

Golfstöðin

08.00 PGA Tour 2014 13.30 Golfing World 2014 14.20 Inside The PGA Tour 2014 14.45 Champions Tour 2014 15.40 LPGA Tour 2014 17.40 Golfing World 2014 18.30 PGA Tour 2014



Einar Farestveit & Co.hf.
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

- ÚTVARP
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 102,2 Útv. Latibær
- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 93,5 Rás 1
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 99,4 Útvarp Saga
- FM 102,9 Lindin
- FM 90,1 Rás 2
- FM 95,7 FM957
- FM 97,7 X-ið
- FM 100,5 Kaninn
- FM 105,5 Útvarp Boðun

Pakkaðu rétt fyrir fríð

OZ fylgir áskriftinni í allt sumar



OZ er frábær ferðafélagi í sumar. Þú býrð til þitt eigið safn með öllu upphaldssjónvarpsefninu þínu og horfir þegar þér hentar.

Beinar útsendingar 365 eru allar aðgengilegar með OZ, svo þú getur horft á boltann í beinni eða safnað íþróttafni og horft síðar.

Nú fylgir áskriftinni aðgangur að OZ í allt sumar. Nánar á 365.is

OZ



Fáðu þér áskrift! **365.IS**

DRYKKURINN



Hér væri auðvitað eðlilegast að nefna einhverja vandaða bolla með ódýrum vodka og niðursöðnum ávöxtum en ætli ég verði ekki að segja volgt vatn með nýkreistri sítrónu og dass af engifer drukkið fyrir klukkan sjö að morgni fyrir bestu áhrifin á húð og hár.

Lára Björg Björnsdóttir rithöfundur

Hæðst að hinu hefðbundna

Myndhöggvarinn Jón Adolf Steinólfsson opnar sýningu á morgun í Perlunni en hann hefur alltaf verið mikill uppreisnarseggur og hengir sig ekki á einn stíl.

„Ég gat aldrei orðið rokkstjarna þannig að ég ákvað að gerast góður myndhöggvari í staðinn,“ segir listamaðurinn Jón Adolf Steinólfsson hlæjandi en hann opnar sýningu í Perlunni á morgun ásamt Karin Esther og Finnoga Kristinssyni en þau reka galleríð 16C í Kópavoginum.

„Þetta er mjög litrík sýning og það er ekki neinn einn sérstakur stíll yfir þessu,“ segir Jón Adolf. „Ég hef aldrei viljað hengja mig

á einhvern einn stíl.“ Jón Adolf hefur skorið út allt frá gíturum til aska. „Mér finnst gaman að taka gamlar hefðir og færa þær yfir til nútímans“, segir listamaðurinn sem hefur meðal annars skorið út tölvuskjái. „Mér fannst gamla handbragðið alltaf svo skemmtilegt en það átti ekki mikið við mig, ég er svo mikill uppreisnarseggur.“

Þetta er annað árið sem listamaðnahópurinn sýnir í Perlunni

en Karin Esther sérhæfir sig í glerskúlpúrum þar sem hún nýtir mikið íslenska náttúru á borð við hraun og blandar því inn í sín verk á meðan Finnogi malar mest abstraktmyndir. Eins og áður hefur komið fram verður sýningin opnuð á morgun í Perlunni.

baldvin@frettabladid.is

MIKILL UPPREISNARSEGGUR
Jón Adolf vill ekki hengja sig á einhvern einn sérstakan stíl.



365 Ljósbraði

Internet á ljóshraða

Við bjóðum upp á internet á ljóshraða til 80 þúsund heimila. Það er einfalt að athuga hvort þitt heimili er tengt, á 365.is geturðu séð hvort þú kemst á ljóshraða.

Hægt er að nálgast allar nánari upplýsingar og panta tengingu á 365.is.

NÝTT!

100 Mb/s

200 Mb/s

400 Mb/s

Nú getur þú fengið mikinn hraða, meiri hraða og miklu meiri hraða.

Frá **3.490 kr.**

Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.



0 KR.

LJÓSHRAÐI FYLGIR MEÐ VÖLDUM SJÓNVARPS-ÁSKRIFTUM

365.IS

Kanadíski kóngurinn á leiðinni til landsins

Tónlistarmaðurinn Bryan Adams heldur tónleika á Íslandi í ágúst. Hann ætlar að leika öll sín vinsælustu lög en hann hefur selt meira en 100 milljónir platna.

Kanadíska rokkgoðsögnin Bryan Adams heldur tónleika í Eldborgarsal Hörpu laugardaginn 9. ágúst og flytur öll sín vinsælustu og bestu lög en hann hefur undanfarnar ár verið að túra af og til einn með gítar ásamt píanóleikara á svokölluðum Bare Bones-túr. „Bare Bones-hljómleikarnir hafa verið að fá gríðarlega góða dóma, röddin er alveg frábær og Bryan Adams innilegur, myndinn og skemmtilegur á sviðinu,“ segir Guðbjartur Finnbjörnsson tónleikahaldari.

Tónleikarnir eru því einstakt tækifæri til að fá að upplifa listamanninn í mikilli nálægð og jafnvel biðja hann um óskala. „Hann er mikið að tala við áhorfendur á milli laga, hann segir sögur af lögum og svoleiðis. Ég hef heyrt að þegar hann er í stuði þá kalli hann jafnvel eftir óskalögum úr sal,“ bætir Guðbjartur við.

Hann segist hafa verið í nokkur ár að reyna fá kanadíska goðsögnina til landsins. „Ég hef verið að vinna í því meðfram öðru að fá hann til landsins í nokkur ár. Þá sérstaklega með það í huga að fá hann í Eldborgarsal Hörpu. Mér finnst það vera frábær staður fyrir þetta konsept.“

Bryan Adams er geysivinsæll hér á landi, er möguleiki á aukatónleikum ef það uppselt verður á tónleikana? „Það er möguleiki á aukatónleikum en ég tek þó bara eina tónleika í einu,“ segir Guðbjartur.

Bryan Adams er einn vinsælasti tónlistarmaður sögunnar og hefur selt yfir 100 milljónir platna. Hann hefur unnið til tuga verðlauna á ferli sínum, þar á meðal 20 kanadískra Juno-verðlauna sem eru sambærileg Grammy-



KEMUR Í HEIMSÓKN Bryan Adams kemur fram á tónleikum í Hörpu í sumar.

NORDICPHOTOS/GETTY

Bryan Adams – kanadíski kóngurinn

- Bryan Adams er einn vinsælasti tónlistarmaður sögunnar og hefur selt yfir 100 milljónir plata.
- Aðrir kanadískir listamenn komast ekki með tærnar þar sem hann hefur hælana í plötusölu. Alanis Morissette hefur selt um 60 milljónir platna og kanadíski prinsinn Justin Bieber hefur selt um 15 milljónir platna.
- Hans vinsælustu lög eru (Everything I Do) I Do It For You, Heaven, Please Forgive Me, Here I Am, Summer of 69, Straight from the Heart, When you Love Someone, Run To You, Have You Ever Really Loved a Woman, All for Love og mörg fleiri.

verðlaunum Bandaríkjamanna. Hann hefur 15 sinnum verið tilnefndur til Grammy-verðlauna og unnið þau nokkrum sinnum. Fimm sinnum verið tilnefndur til Golden Globe-verðlauna og þrisvar til Óskarsverðlauna fyrir lög í kvikmyndum.

„Bryan Adams er sá kanadíski tónlistarmaður sem hefur selt langflestar plötur. Justin Bieber, sem einnig er Kanadamaður, kemst ekki með tærnar þar sem Bryan Adams hefur hælana,“ segir Guðbjartur léttur í lundu.

gunnarleo@frettabladid.is

Dikta hljóðritar í Þýskalandi

Hljómsveitin Dikta er um þessar mundir stödd á erlendri grundu þar sem hún dvelur í hljóðveri. Sveitin hefur verið í dvala og ekki gefið út plötu síðan 2011.

„Við förum varla út úr húsi nema þá bara til þess að fara í súpermarkaðinn og þess háttar,“ segir Haukur Heiðar Hauksson, söngvari, gítar- og píanóleikari hljómsveitarinnar Diktu en hún er stödd í hljóðveri í Düsseldorf í Þýskalandi um þessar mundir og hljóðritar þar nýja tónlist. Sveitin hefur að undanförunu látið lítið fyrir sér fara og gaf síðast út plötuna Trust Me árið 2011.

„Við verðum hérna í tvær vikur og bókstaflega gistum í stúdíóinu,“ segir Haukur Heiðar en þeir félagar eru í hljóðverinu ásamt upptökustjóranum Sky van Hoff. „Við komum hingað í fyrra í nokkra daga og tókum upp með honum tvö lög og vorum gríðarlega sáttir. Hann er upprennandi stjarna hér í Þýskalandi og samstarfið gengur mjög vel,“ bætir Haukur Heiðar við. Hljómsveitin fór út með prufu-upptökur að 25 lögum og vinnur nú af kappi í vel völdum lögum.

„Við erum mikið að vinna lögina hérna, þróum þau og pródúserum í samvinnu við Sky.“ Haukur Heiðar segist ekki vita hvort þeir nái að klára plötuna úti. „Við vitum ekki hvað við komumst langt með þetta þannig að útgáfutíminn er í lausu lofti. Við ætlum bara að einbeita okkur að því að búa til plötu og svo kemur hún bara út þegar hún er tilbúin,“ segir Hauk-



UPPTEKNIR Hljómsveitin Dikta vinnur nú hörðum höndum að nýrri plötu í hljóðveri í Þýskalandi.

MYND/EINKASAFN


ur Heiðar spurður um mögulegan útgáfutíma.

Engir tónleikar eru planaðir hjá sveitinni en hún gerir þó ráð fyrir að koma fram í sumar. „Við tókum líklega einhver gíg í sumar og haust.“

- glp

MIKIÐ ÚRVAL - NORTH ROCK - ÚTIVISTAR- OG ÍPRÓTTAFATNAÐUR

LAGER SALA



HLAUPABUXUR & BOLIR - ÍPRÓTTABUXUR & PEYSUR - FLÍSJAKKA
- REGNSETT - 3JA LAGA BUXUR - JAKKAR - FLÍSPEYS



Hlýrabolur
3000 kr



Stretch buxur
5500 kr



Langermabolur
4000 kr



Hlaupabuxur
5000 kr



Langermabolur
4500 kr



3ja laga buxur
8500 kr



GRI SPORT
Leðurgönguskór
VIBRAM SÓLI
14000 kr



Flísjakkar dömu & herra
6000 kr



Stuttermabolur
2500 kr

AKTIV jakkar
dömu & herra
5500k r



OPNUNARTÍMI

30.6 MÁNUD	16-20
1.7 ÞRIÐJUD	16-20
2.7 MIÐVIKUD	16-20
3.7 FIMMTUD	16-20
4.7 FÖSTUD	16-20

Víkurhvarf 2 - Kópavogur
-sama hús og Fjölsmiðjan



Póst : dreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
 EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn

í Engihjalla,
 Vesturbergi og
 Arnarbakka



Iceland

FRÉTTIR AF FÓLKI

Uppátækjasöm söngkona

Það var mikið stuð á skemmtistaðnum Dolly á laugardaginn þar sem sumarpartí Party Zone á Rás 2 fór fram. Plötusnúðar kvöldsins voru ekki af verri endanum en það voru DJ Margeir og DJ Andrés sem sáu um tónlistina. Stuðin hófst þó ekki af alvöru fyrr en þökkgyðjan og söngkonan **Ásdís María Viðarsdóttir** mætti á staðinn en þegar hún ætlaði að munda míkrofóninn datt hann út. Hún tók þá til sinna ráða og dansaði þar til míkrofóninn hafði verið lagaður. Á meðan söngrodd Ásdísar ómaði um skemmtistaðinn mátti sjá tónlistarmenn á borð við Högna Egilsson, Daníel Ágúst, Emmsjé Gauta og Loga Pedro á dansgólfinu að njóta tónlistarinnar.

- bp



Benedikt vinsæll í Barcelona

Í spænska blaðinu Icult birtist í síðustu viku gagnrýni um tvær bíómyndir sem nú eru sýndar á Spáni. Önnur var myndin El Encargo, eða The Bag Man, sem skartar leikurum á borð við Robert De Niro, Joan Cusack og Rebecca Da Costa. Hin var nýjasta kvikmynd **Benedikts Erlingssonar** Hross í oss sem sem kallast á spænsku De caballos y hombres. Fór það svo að spænska gagnrýnandanum fannst mynd Roberts De Niro harla léleg og fékk hún eina stjórnun af fjórum mögulegum. Hins vegar var sá hinn sami svo hrifinn af mynd Benedikts að hann gaf henni fullt hús stiga, fjórar stjórnur. Það má því með sanni segja að Benedikt sé orðinn vinsæll í Barcelona.


- bp



Mest lesið **vísir**

- 1 Scolari: Getum ekki verið kurteisir lengur
- 2 Van Gaal: Mexíkó erfiðari andstaðingur en Chile
- 3 Óvenju öflug lægð yfir landinu um miðja viku
- 4 Líkamsrás í Austurstræti
- 5 Kólumbía í fyrsta sinn í 8 liða úrslit

KitchenAid
 THE MORE YOU USE IT
 THE BETTER IT LOOKS



95
50
 1964-2014
Einar Faresveit & Co. hf.
 Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef.is • www.ef.is

SUMMAR TÍMBUÐ!

30-50% AFSLÁTTUR

ÞESSA VIKU*
**GEFUM VIÐ KODDA
 OG DÚNSÆNG MED
 ÖLLUM KEYPTUM
 RÚMUM!**

*30. júní til 6. júlí 2014. Gildir á meðan birgdir endast.

CACHE EURO
 King Size (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 355.319 kr.
213.191 kr.
40% AFSLÁTTUR

CELESTIAL DIAMOND
 King Size (193x203 cm)
 FULLT VERÐ 331.233 kr.
165.616 kr.
50% AFSLÁTTUR

FARYN PLUSH
 Queen Size (153x203 cm)
 FULLT VERÐ 282.083 kr.
197.458 kr.
30% AFSLÁTTUR

12 MÁNADA VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

rekkjan